

32. Ársþing KAÍ, 17. febrúar 2019

EFNISYFIRLIT

Stjórn KAÍ 2018 - 2019:.....	2
SKÝRSLA STJÓRNAR.....	3
Frá formanni.....	3
Átta verðlaun á Ishøj Open móti í Kaupmannahöfn.....	4
Reykjavík International Games 2018 í karate.....	4
Góður árangur á Berlin Open 2018.....	6
31. Karateþing 2018.....	7
Tveir keppendur á Karate A í Salzburg.....	8
Sex keppendur á Kata Pokalen.....	9
Eitt brons á Kata Pokalen.....	9
Danska meistaramótið 2018.....	9
Opin landsliðsæfing með Tim Thackrey.....	10
Gull og silfur á Amsterdam Open.....	11
Opin kataæfing með Karin Häggland.....	12
Góður árangur á Swedish Karate Open 2018.....	12
Nýir dómara í kata.....	14
Silfur og brons í Þýskalandi.....	14
Karate 1 Youth League.....	15
Góður árangur á Gladsaxe Karate Cup.....	16
Iveta á úrtökumót fyrir Ólympíuleika ungmenna.....	16
Æfingabúðir í Kumite með Noah Bitsch 20. til 21. júlí.....	17
Þrjú silfur hjá karatefólki á Finnish Open Cup.....	17
Undirbúningur fyrir Smáþjóðamótið.....	19
60 manna hópur frá Íslandi á Smáþjóðamótið í karate.....	20
Frábær árangur á 5. Smáþjóðamótinu í karate.....	21
Frábær dagur á Central England Open.....	23
Æfingahelgin 19. til 21. október.....	24
Karatesamband Íslands hlýtur styrk úr Afrekssjóði ÍSÍ.....	25
Norðurlandameistaramótið í karate, Tampere, Finnlandi.....	26
Þrjú brons á Norðurlandameistaramótinu 2018.....	27
Ragnar Eypórsson með NORDIC-referee réttindi.....	28
Aron Bjarkason og María Helga Guðmundsdóttir, Þórshamri bikarmeistarar 2018.....	29
Karatekona og karatemaður ársins 2018.....	31
NEFNDIR.....	33
Aganefnd.....	33
Dómaranefnd.....	33
Landsliðsnefnd.....	33
Mótanefnd.....	33
Landsliðspjálfarar.....	33
MÓT Á ÁRINU 2018.....	34
1. Bikarmót KAÍ 2018.....	34
1. GrandPrix mót KAÍ 2018.....	35
Íslandsmeistaramót fullorðinna í Kata.....	40
2. Bikarmót KAÍ 2018.....	41
2. GrandPrix mót KAÍ 2018.....	42
Íslandsmeistaramót barna í Kata.....	46

Karatesamband Íslands

Íslandsmeistaramót unglunga í Kata	49
Íslandsmeistaramót unglunga í Kumite	54
Íslandsmeistaramót fullorðinna í Kumite.....	56
3. Bikarmót KAÍ 2018	58
3. GrandPrix mót KAÍ 2018.....	59
KARATEDÓMARAR Á ÍSLANDI.....	63
LÖG KARATESAMBANDS ÍSLANDS.....	64
AFREKSSTEFNA KARATESAMBANDS ÍSLANDS 2018 - 2021.....	67
REGLUGERÐIR.....	70
REGLUR UM ÍSLANDSMEISTARAMÓT Í KARATE.	70
REGLUR UM FÉLAGSSKIPTI	76
REGLUR UM BIKARMÓT Í KARATE.	76
REGLUR UM GRAND PRIX MÓT Í KARATE.....	77
REGLUR UM KARATEDÓMARA.....	78
FERÐAREGLUR KAÍ	79
REGLUR UM HEIÐURSVIÐURKENNINGAR.....	81
REGLUR UM BÚNINGA OG -MERKI KARATESAMBANDS ÍSLANDS.....	81
VERÐLISTI SAMÞYKKTUR AF STJÓRN KAÍ.....	82
REKSTRARREIKNINGUR KAÍ 1/1-31/12 2018	83
EFNAHAGSREIKNINGUR 31/12/2018.....	86

Stjórn KAÍ 2018 - 2019:

Reinharð Reinharðsson	formaður
María Jensen	gjaldkeri
María Helga Guðmundsdóttir	meðstjórnandi
Arnar Þór Jónsson	meðstjórnandi
Ævar Austfjörð	meðstjórnandi
Rut Guðbrandsdóttir	varamaður
	varamaður
	varamaður

SKÝRSLA STJÓRNAR

Frá formanni.

Árið 2018 var viðburðaríkt ár í sögu karate á Íslandi.

Á síðast karateþingi var ákveðið að miða keppnistímabilið við almanaksárið og voru Bikar- og GrandPrix-móttin haldin að vori og hausti og sigurveigarar mótaraðanna verðalaunaðir á Uppskeruhátíð KAÍ 1. desember síðastliðinn að þremur mótum loknum í hvorri mótarið. Mæltist það vel fyrir og komu um 80 manns á Uppskeruhátíðina.

Árið byrjaði með Reykjavíkurleikunum og var karatehlutinn einn sá fjölmennasti frá upphafi. Komu um 20 erlendir keppendur á mótið og var það hið glæsilegasta.

Stjórn KAÍ ákvað á fundi sínum í maí að fjölga keppendum frá Íslandi á Smáþjóðamóttinu í karate sem haldið var í San Marínó í september. Var sent boð á öll félögin og gátu þau tilnefnt unga og efnilega keppendur til að taka þátt í verkefninu. Á endanum sendi KAÍ um 60 manna hóp á mótið og samanstóð hann af yfir 40 keppendum og 20 þjálfurum, dómurum og fararstjórum. Er þetta stærsti hópur sem hefur farið erlendis á vegum KAÍ frá stofnun þess. 2 gull, 2 silfur og 19 brons unnust á leikunum. Næsta Smáþjóðamót í karate verður síðan haldið í Reykjavík dagana 13. til 15. september í haust og þarf Karatesambandið á aðstoð allra karatefélaganna við að gera mótið sem veglegast.

Annað stórt verkefni á árinu var Norðurlandamótið sem var haldið í Tampere, Finnlandi í lok nóvember en þangað sendi KAÍ um 30 manna hóp. Árangurinn var undir væntingum en þrjú brons unnust í einstaklingsgreinum.

Aukin áhersla hefur verið lögð í að fræða landsliðskeppendur um þátt mataræðis og andlegan styrk við að ná árangri. Hefur stjórnin fengið fræðimenn til að halda fyrirlestra fyrir landsliðskeppendur og aðstandendur þeirra á þessum sviðum. Hafa þeir mælt vel fyrir og mun verða áframhald á þeim.

Nokkur átök urðu innan stjórnar sambandsins á árinu og lauk þeim þannig að tvær konur sögðu sig úr stjórninni og varð að kalla til 2 varamenn til að ljúka starfstímanum fram að karateþingi. Vil ég sérstaklega þakka þeim Jaqueline Becker og Valgerði Helgu Sigurðardóttur fyrir framlag þeirra í gegnum árin og óska þeim alls hins besta í framtíðinni.

Að lokum vil ég þakka öllum stjórnar- og nefndarmönnum auk allra sjálfboðaliðanna fyrir störf þeirra á síðasta ári og vona að hreyfingin fá notið krafta þeirra áfram.

Reinharð Reinharðsson
Formaður KAÍ

Átta verðlaun á Ishøj Open móti í Kaupmannahöfn

Íslenskt karatefólk lét til sín taka á alþjóðlegu móti í Danmörku um helgina, 20. og 21. janúar, en hátt í 600 keppendur voru skráðir víðsvegar frá Evrópu og einnig Brasilíu. Mótið var hið fyrsta í annasamri dagskrá landsliðsins..

Ólafur með fjögur brons.

Alls fékk íslenski hópurinn átta verðlaun, allt brons, en fjögur af þeim átti Ólafur Engilbert Árnason, bæði í einstaklingskeppni og einnig ásamt Mána Karli Guðmundssyni í liðakeppninni.



Á myndinni eru landsliðshópurinn með verðlaunin ásamt Ingólfi Snorrasyni, landsliðsþjálfara og Stefáni Alfreðssyni, fararstjóra.

Verðlaunaskipan hópsins var eftirfarandi:

Liðakeppni kumite kvenna junior-sveit Íslands í 3. Sæti

Liðakeppni karla í sveit Íslands í 3. Sæti

Opinn flokkur karla í Ólafur Engilbert Árnason í 3. sæti

Kumite karla -75 kg í Ólafur Engilbert Árnason í 3. sæti

Kumite karla U-21, -60 kg í Aron Bjarkason í 3. sæti

Kumite karla U-21, -75 kg í Ólafur Engilbert Árnason í 3. Sæti

Kumite karla U-21, -75 kg í Ágúst Heiðar Sveinbjörnsson í 3. Sæti

Kumite Cadet kvenna -48 kg í Lóa Björg Finnsdóttir í 3. sæti

Reykjavík International Games 2018 – karate

Keppni í karate á Reykjavíkurlaikunum 2018 fór fram sunnudaginn 28. janúar.

Um 130 keppendur voru skráðir til leiks, þar af um 20 erlendir keppendur frá fimm löndum, Englandi, Hollandi, Skotlandi, Svíþjóð og Þýskalandi. Auk þess bauð Karatesambandið 3 erlendum dómurum til Íslands til að aðstoða við dómgæslu á mótinu. Jan Christoffersen, WKF judge og EKF Referee frá

Karatesamband Íslands

Danmörku, Azem Barakovic, Nordic Referee, og Nabil Chakir, Nordic Referee, en báðir koma frá Svíþjóð.

Yfirdómari á mótinu var Helgi Jóhannesson, EKF Referee og mótsstjóri María Baldursdóttir Jensen.

Mótið hófst klukkan 9 og var undanúrslitum í kata og kumite lokið kl 12.30.

Bein útsending var hjá RÚV frá úrslitum í senior og junior flokkum í kata og kumite og stóð hún í um klukkustund. Mátti sjá frábæra kata hjá keppendum í úrslitum og hörku viðureignir í kumite. Í lokin var síðan keppt í flokki U14 í kata og kumite.

Bestum árangri náðu Svana Katla Þorsteinsdóttir, Breiðablik, í kata kvenna og Jordan Szafranek, Skotlandi í kata karla.

Fengu þau sérstaka viðurkenningu frá Reykjavíkurlaikunum á lokahófi leikanna um kvöldið.

Stjórn KAÍ þakkar öllum þeim mörgu sjálfboðaliðum sem aðstoðuðu við mótið kærlega fyrir vinnu þeirra.



RIG meistara 2018, cadet, junior og senior



RIG meistarar 2018 U14

Karatesamband Íslands



Svana Katla Þorsteinsdóttir 1. sæti



Jordan Szafranek 1. sæti

Góður árangur á Berlin Open 2018

Landslið Íslands í karate tók þátt í sterku opnu móti í Berlín laugardaginn 17. febrúar. 9 keppendur tóku þátt frá Íslandi en yfir 1300 keppendur voru skráðir til leiks frá 29 löndum.

Keppt var á 10 völlum og hófst mótið kl. 9 um morguninn og stóð yfir til miðnættis.



4 íslendingar unnu til verðlauna á mótinu;
17. febrúar 2019

Karatesamband Íslands

Iveta Ivanova, 1. sæti kumite female Junior -53 kg flokkur og 3. sæti U21 kumite female -55 kg flokkur.

Ágúst Heiðar Sveinbjörnsson, 2. sæti í U21 kumite male -75 kg flokkur.

Máni Karl Guðmundsson, 3. sæti U21 kumite male opinn flokkur.

Arna Katrín Kristinsdóttir, 3. sæti U21 kumite female -68 kg flokkur.

Þeir Aron Bjarkason og Aron Anh Ky Hyunh kepptu báðir í kata og töpuðu naumlega viðeignum um 3ja sæti í sínum flokkum.

Frábært mót og íslensku keppendurnir á einstaklega góðu róli.

Með í ferðinni voru Valgerður Helga Sigurðardóttir, farastjóri, Ingólfur Snorrason, landsliðsþjálfari í kumite og Reinharð Reinharðsson, formaður KAÍ, sem dæmdi á mótinu.

31. Karateþing 2018

31. Karateþing var haldið laugardaginn 24. febrúar í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal. Um 25 fulltrúar karatefélaganna á landinu tóku þátt í þingstörfunum. Hafsteinn Pálsson, ritari framkvæmdastjórnar ÍSÍ, var gestur á þinginu.

Nokkur mál lágu fyrir þinginu, Afreksstefna KAÍ fyrir 2018 í 2022, fjárhagsáætlun 2018 auk tillagna um fjölda réttindadómara á mótum, að ráða starfsmann á skrifstofu sambandsins, að sambandið setji sér stefnu um viðbrögð við höfuðáverka og heilahristingi í íþróttinni, að skylda félögin til að tilnefna nefndarmann í mótanefnd KAÍ og nýjar ferðareglur í keppnisferðum sambandsins voru kynntar.

Nokkrar umræður urðu um Afreksstefnu KAÍ og tók hún lítilsháttar breytingum í umfjöllun allsherjarnefndar. Hún var síðan samþykkt með áorðnum breytingum.

Nýjar ferðareglur sambandsins tóku nokkrum breytingum í meðförum þingnefndar og var þeim síðan vísað til nýrrar stjórnar til endanlegrar samþykktar. Miklar umræður urðu um aðar tillögur í þingnefndum og var samþykkt eftir umræður og nokkrar breytingar í nefndum tillögur um að ráða starfsmann, skipun nefndarmanna í mótanefnd, fjölgun réttindadómara á mótum og síðan var vísað til stjórnar að stofna starfshóp til að móta viðbrögð við höfuðáverkum og heilahristingi.

Reinharð Reinharðsson var endurkjörinn formaður sambandsins og nýr stjórnarmaður komu inn í aðalstjórn, Valgerður Helga Sigurðardóttir. Einn nýr stjórnarmaður kom inn í varastjórn, María Helga Guðmundsdóttir.



Ný stjórn KAÍ 2018. Valgerður, Rut, María Helga, Jacqueline, María, Reinharð, Ævar og Arnar

Tveir keppendur á Karate A í Salsburg

Tveir keppendur fóru á Karate A series í Salsburg, 3. og 4. mars.

Ólafur Engilbert Ólafsson í -75 kg flokki í kumite og Máni Karl Guðmundsson í -67 kg flokki í kumite.

Um og yfir 170 keppendur eru skráðir til leiks í hvorum flokki. Er því um risamót að ræða og þarf sigurveigarinn í hverjum flokki að keppa 7-8 sinnum til að komast í úrslit.

Með í ferðinni er landsliðsþjálfarinn í kumite, Ingólfur Snorrason.



Frá vinstri: Ingólfur, Ólafur og Máni.

Ólafur mætti keppanda frá Úkraínu í fyrstu umferð og tapaði fyrir honum 0-7. Úkraínubúinn datt svo út í næstu umferð og þar með var útséð um að Ólafur fengi uppreisn. Um 170 keppendur voru í flokknum.

Máni Karl sat hjá í fyrstu umferð en mæti einnig keppanda frá Úkraínu í næstu umferð. Báðir náðu að skora stig en Úkraínumaðurinn var á undan til að skora. Máni Karl tapaði því viðureigninni og Úkraínumaðurinn tapaði síðan næsta bardaga og þar með var enginn möguleiki á uppreisn fyrir Mána karl. Um 180 keppendur voru í flokknum.

Sex keppendur á Kata Pokalen

Sex landsliðsmenn í kata tóku þátt á Svenska Kata Pokalen, Sænska bikarmótið í kata, laugardaginn 10. mars í Stokkhólmi.

Þau Svana Katla Þorsteinsdóttir, Breiðablik, fjórfaldur Íslandsmeistari í kata og Elías Snorrason, Karatefélagi Reykjavíkur, fimmfaldur Íslandsmeistari í kata leiða hópinn.

Aðrir í liðinu eru Arna Katrín Kristinsdóttir, Breiðablik, Aron Bjarkason, Þórshamri, Aron Ahn Ky Huynh, ÍR og Tómas Pálmar Tómasson, Breiðablik.

Fararstjóri fyrir hópnum var Valgerður Helga Sigurðardóttir.



Á myndinn eru frá vinstri, Elías, Aron, Svana, Arna og Tómas. Á myndina vantar Aron Ahn.

Eitt brons á Kata Pokalen

Aron Anh Ky Huynh náði að vinna brons í flokki 17-18 ára á Kata Pokalen sem fór fram í Stokkhólmi laugardaginn 9. mars. Allir aðrir keppendur frá Íslandi stóðu sig vel en náðu ekki á verðlaunapall.

Danska meistaramótið 2018

Danska meistaramótið í karate 2018 fór fram daga 23. í 25. mars í Gråkjær Arena, Holstebro, Danmörku.

Karatesamband Íslands

Ísland átti þrjá fulltrúa á mótinum, þá Ólaf Engilbert Arnason, keppanda, Helga Jóhannesson, dómara og Arnar Olafsson Klargaard sem er einn af skipuleggjendum mótsins.



Ólafur, Helgi og Arnar

Ólafur keppti í tveimur flokkum fyrir Sportkarate.dk, -75kg í senior flokki og -75 kg í U21 flokki.

Hann tapaði fyrstu viðureign í senior flokki og fékk ekki uppreisn. Hins vegar náði hann í silfur í U21 flokknum eftir að hafa unnið fyrstu viðureignina 4-1 og þá næstu 2-0. Í úrslitum tapaði hann 0-2 fyrir Jonas Friis-Pedersen sem varð Danmerkurmeistari í flokknum.

Opin landsliðsæfing með Tim Thackrey

Karatesambandið bauð upp á æfingu með Tim Thackrey, Tækwondo þjálfara og fyrverandi landsliðsmanni frá Bandaríkjunum og Sigursteini Snorrasyni, Tækwondo þjálfara laugardaginn 24. mars. Æfingin fór fram í Fylkisselinu, Norðlingaholti.

Tim kom til að kynna fyrir landsliðinu í kumite, snerpu og liðleikaæfingar með sérstaka áherslu á líkamsbeitingu og spörk.

Sigursteinn tók síðan við og kenndi nokkrar liðleika og styrktaræfingar sem nýtast geta keppendum.

Almenn ánægja var með æfingarnar og samstarfið.



Hópurinn að lokinni æfingu.

Gull og silfur á Amsterdam Open

2. Amsterdam Open Cup mótið fór fram í dag, 1. Apríl, í Sportcentrum Caland í Amsterdam. 637 keppendur tóku þátt í mótinu frá 19 þjóðlöndum.

Iveta Ivanova, Fylki, keppti í kumite junior U18 female -53 kg og fór með sigur af hólmi. Hún sigraði dönsku landsliðsstúlkuna, Emmilie Sode, í úrslitum og fékk gull eftir að hafa unnið þrjár viðureignir í röð. Þetta er gótt vegarnesti fyrir hana inn á úrtökumót sumarsins, en hún stefnir á að komast inn á Ólympíumót æskunnar sem verður haldið í Buenos Aires í október næstkomandi.

Samuel Josh Ramos, Fylki, keppti í kumite cadet U16 male -57 kg og komst í úrslit. Þar beið hann lægri hlut fyrir dönskum keppanda, Okan Kanturovski, en stóð uppi með silfrið í sínum flokki.

Aðrir náðu ekki að vinna til verðlauna en stóðu sig vel á mótinu.

Arna Katrín Kristinsdóttir, keppti í kumite senior female -68 kg og hafnaði í fimmta sæti.

Ólafur Engilbert Árnason, keppti í kumite senior male -75 kg og hafnaði einnig í fimmta sæti.

Ágúst Heiðar Sveinbjörnsson, keppti í kumite junior U18 male -76 kg og hafnaði í sjöunda sæti.

Hollendingar og Danir urðu sigursælustu þjóðirnar á mótinu með 40 verðlaun hvor þjóð. Þá komu Belgar og Frakkar en Íslendingar urðu í fimmta sæti með eitt gull og eitt silfur.



Iveta og Samuel með verðlaunin.

Opin kataæfing með Karin Häggland



Karatesambandið bauð upp á opna kataæfingu með Karin Hägglund 21. apríl, kl. 10.00-12.00 fyrir alla 12 ára og eldri sem hafa áhuga á keppni í kata.

Æfingin var haldin í æfingahúsnæði Karatefélags Reykjavíkur, í kjallara Laugardalslaugar.

Frábær æfing hjá reyndum keppanda og þjálfara í kata.

Góður árangur á Swedish Karate Open 2018

Íslenskt landsliðsfólk gerði gott mót á fyrri degi Opna Sænska meistaramótsins í karate, laugardaginn 14. apríl.

Iveta Ivanova gerði sér lítið fyrir og sigraði á þriðja sinn í röð á árinu er hún náði gulli í Junior flokki, - 53 kg. Iveta lagði Jessie O'Reilly frá Írlandi og Rieh Plæhn frá Danmörku í undanriðli, og síðan sigraði hún Karolina Askuntowich örugglega, Írlandi, 5-0 og sigraði þar með flokkinn. Iveta hefur þá sigrað 13 bardaga á erlendum mótum á árinu en einungis tapað einum.

Ólafur Engilbert Árnason atti kappi við sama mótherjann í úrslitum í bæði U-21 og Senior flokkum, - 75 kg. Ólafur tapaði fyrir Jakob Lövgren, Danmörku, í úrslitum Senior flokksins, 7-1, en sigraði hann síðan 4-1, í úrslitum í U-21.

Karatesamband Íslands

Ágúst Heiðar Sveinbjörnsson komst í úrslit í Junior flokki, -76 kg, eftir að hafa lagt Paw Hastrub frá Danmörku og Henrik Rydstrøm frá Noregi. Í úrslitunum keppti Ágúst síðan við Sean McCarthy, frá Írlandi. Sean hefur verið á mikilli siglingu undanfarið og fór í úrslit í flokknum á dögnum á Evrópumótinu í Rússlandi. Svo fór að Írinn hafði betur gegn Ágústi 2-1, eftir ótrúlega jafna viðureign og er ljóst að á góðum degi er Ágúst til alls líklegur.

Tveir keppendur landsliðsins í karate luku keppni á síðari degi Opna Sænska meistaramótsins. Lóa Björg Finnsdóttir tapaði naumlega í Cadet, -54 kg, fyrir Clara List, Danmörku, 4-3, og fékk síðan uppreisnarbardaga gegn Hani Mirzadeh, Noregi, sem tapaðist einnig með einu stigi, 5-4.

Samuel Josh Amos byrjaði hins vegar Cadet flokk karla, -57 kg, með látum er hann sigraði Okan Kanturovski, Danmörku, 2-1. Þeir félagar mættust einmitt í úrslitum í Amsterdam á dögnum þar sem daninn fór með sigur af hólmi. Samuel tapaði síðan fyrir Johanes Bekic, Svíþjóð, 3-2, og keppti því um þriðja sæti við Bastian Ahlmann, sem Samuel sigraði 8-0.

Íslensku keppendurnir fimm kláruðu því mótið með tvennum gull verðlaunum, tvennum silfur verðlaunum og einum brons verðlaunum.



Frá vinstri: Iveta, Ágúst, Lóa, Samuel og Ólafur, fyrir utan höllina í Kristianstad.



Nýir dómara í kata

Karatesambandið stóð fyrir dómaranámskeiði í kata föstudaginn 13. apríl og fór verklegi hlutinn fram laugardaginn 14. apríl og sunnudaginn 15. apríl. 7 nýir dómara stóðust prófið.

Ný réttindi í kata, Judge-B:

Anna Olsen, Karatedeild Aftureldingar

Aron Bjarkason, Karatefélagið Þórshamar

Branka Aleksandarsdóttir, Karatedeild ÍR

Elín Björg Arnarsdóttir, Karatedeild Aftureldingar

Ólafur Briem, Karatedeild Breiðabliks

Valborg Guðjónsdóttir, Karatedeild Fjölnis

Þorsteinn Yngvi Guðmundsson, Karatedeild Fjölnis.

Auk þess staðfesti einn dómari réttindi sín,

María Helga Guðmundsdóttir, Judge-A.

Silfur og brons í Þýskalandi.



Það var hart barist er Iveta Ivanova, Máni Karl Guðmundsson og Samuel Ramos kepptu á stóru æfingamóti í Wald-Michelbach, Þýskalandi. Claus Bitsch, unglingalandsliðsþjálfari Þýskalands heldur árlegar æfingabúðir með móti í bænum og er helgin fullmönnuð þátttakendum hvert ár. Þetta skiptið var metfjöldi, nærri 700 þátttakendur frá Þýskalandi og víðsvegar frá Evrópu. Viðburðurinn er hluti af úrtöku fyrir þýska unglingalandsliðið og því til mikils að vinna.

Samuel Ramos keppti í -57 kg flokki cadet (14 til 15) ára, sigraði einn bardaga og tapaði tveimur og komst því ekki nærri verðlaunasæti.

Íslandsmeistarinn, Máni Karl Guðmundsson, átt mjög gott mót, keppti í erfiðum flokki í -67 kg, U-21, sigraði fjóra bardaga og tapaði tveimur. Árangurinn skilaði Mána þriðja sætinu.

Iveta Ivanova sannaði enn eina ferðina að hún er í toppformi en hún keppti til úrslita í Junior flokki, - 53 kg, gegn Jil Auger, Þýskalandi, en sú þýska þykir ein fremsta von Þjóðverja í framtíðinni og báðar eru í baráttunni um sæti á Ólympíuleikum ungmenna sem haldnir verða í Argentínu í haust.

Karatesamband Íslands

Iveta leiddi bardagann þar til lítið var eftir en þá seig sú þýska framúr og náði tæpum sigri, 4-3, eftir æsispennandi leik.

Bardagarnir á mótinu voru margir hverjir mjög líflegir og átti Iveta m.a. glæsileg tilþrif er sjást á meðfylgjandi stiklu. Einnig er úrslitabardagi Ivetu í heild sinni meðfylgjandi og á myndinni má sjá íslenska hópinn, ásamt Claus Bitsch, unglingalandsliðsþjálfara Þýskalands, en þess má geta að Ólafur Engilbert Árnason var einnig með í för vegna æfinganna.

Karate 1 Youth League



Iveta og Ingólfur í upphafi mótsins

Karate 1 Youth League fór fram um helgina í Sofíu, Búlgaríu. Það er ljóst að bestu liðin fjölmenna á þessu mót; metþátttaka, nærri 2.000 keppendur og mikið álag á skipuleggjendum.

Iveta keppti í Junior, -53 kg flokki og fékk ítalskan keppanda, Katarina Santoni, í fyrstu lotu. Þann bardaga vann hún 2-0 og í annari umferð var stigið í djúpu laugina er Iveta keppti við Aya Sabbar frá Marocco. Sú hafði sigrað Leila Borjali frá Íran og því feiknasterk. Iveta og Aya skildu jafnar, 0-0, og því var farið í dómaraúrskurð þar sem Aya fékk 3 stig og Iveta 2 stig.

Sú maróska fór því áfram, sigraði Daria Khodova frá Rússlandi en tapaði síðan fyrir Ruri Fujita frá Japan í undanúrslitum.

Riðillinn var mjög sterkur og enduðu flestar viðureignir með litlum mun.

Þetta var mikilvæg reynsla, sérstaklega í ljósi þess að á þessu móti fæst tækifæri til að reyna sig við landsliðsfólk úr stærstu landsliðum í heimi.

Keppendur í Junior flokki virðast einnig æfa mjög mikið, sér í lagi vegna þess að flokkurinn er sá flokkur sem fær að taka þátt í Junior Olympics í Argentínu í haust.

Karatesamband Íslands
Góður árangur á Gladsaxe Karate Cup



Svana Katla og Máni Karl með verðlaunin

Í flokki Super kata:

Svana vinnur fyrstu viðureign 5-0 á móti Katherine Strange. Svana vinnur næstu viðureign 4-1 á móti Louise Jörgensen.

Svana tapar næstu viðureign 3-2 á móti Freja Sofie.

Svana fer í uppreisn á móti Tine Olsen og vinnur viðureignina 5-0 og bronsið þar með hennar.

Úrslit: Michella Lauritsen keppir á móti Freja Sofie. Michella vinnur viðureignina 5-0.

Í úrslitum í kumite -75kg flokki karla keppir Máni Karl við Sunne Brødsgaard og sigrar hann 8-0.

Gullið var hans.

Iveta á úrtökumót fyrir Ólympíuleika ungmenna

Ísland á einn fulltrúa á úrtökumóti í karate fyrir Ólympíuleika ungmenna sem haldnir verða í Argentínu í haust. Junior flokkur er gjaldgengur inn á leikana (16 til 17 ára) og eru þrír þyngdarflokkar fyrir hvort kyn. Einungis 8 keppendur verða í hverjum flokki á leikunum og því er samkeppnin um sætin gríðarlega hörð.

Iveta Ivanova er í 53. sæti á heimslista í -53 kg flokki og hefur henni gengið mjög vel á árinu 2018; sigrað 17 bardaga og tapað 4, náð þremur gullverðlaunum, einum silfur og einum bronsverðlaunum.

Með Ivetu verður Ingólfur Snorrason, landsliðspjálfi í kumite.



Æfingabúðir í Kumite með Noah Bitsch 20. til 21. júlí

Þýski landsliðsmaðurinn Noah Bitsch, var með æfingabúðir fyrir kumite landsliðið 20. og 21. júlí. Var það upphafið að vetrarstarfinu hjá kumitelandsliðinu en nóg er framundan hjá því. Noah vann gull í -75kg flokki á heimsbikarmótinu í Salzburg í mars fyrr á þessu ári auk þess að hafa unnið til fleiri verðlauna síðustu árin.



Vel var tekið á því á æfingunum og var látið vel af kennslu Noah. Um 30 manns voru á hverri æfingu.



Þrjú silfur hjá karatefólki á Finnish Open Cup

Laugardaginn 8.september fór fram sterkt bikarmót í Helsinki, Finnish Open Cup. Ísland sendi vaska sveit keppenda á mótið, allt okkar landsliðsfólk í kata keppti. Okkar fólk náði góðum árangri og var

Karatesamband Íslands

uppskeran þrjú silfurverðlaun auk annarra góðra úrslita. Þess má geta að allt finnska landsliðið í kata keppti á þessu móti og var styrkleiki mótsins eftir því.

Íslensku keppendurnir nota þetta mót sem undirbúning fyrir Smáþjóðamótið sem haldið verður í San Marínó 28-29.september og fyrir Norðurlandameistaramótið sem haldið verður í Tampere, Finnlandi, 24.nóvember.

Bestum árangri okkar fólks náðu Svana Katla Þorsteinsdóttir og Aron Anh Huynh í fullorðinsflokki. Bæði sigruðu þau tvo andstæðinga áður en í úrslit komu þar sem þau mætti bæði finnsku meisturunum. Svana Katla mætti Mänty Bess en Aron Anh mætti Jesse Enkamp, leikar fóru svo að þau finnsku unnu bæði í karla- og kvennaflokki og því silfrið okkar. Í úrslitum kvenna U18 mætti Móey María Sigþórsdóttir McClure finnsku landsliðskonunni Ellinora Vaara sem hafði betur og því fékk Móey silfur.

Af öðrum keppendum, þá átti Aron Bjarkason góðan dag í flokki karla U18 þar sem hann endaði í 4.sæti eftir að hafa lagt tvo andstæðinga í fyrri umferðum, tapaði svo fyrir Claus Enckell í bronsviðureigninni. Aron endaði einnig í 7.sæti í fullorðinsflokki, auk þess sem Þórður Jökull Henrysson endaði í 5-6.sæti í sama flokki.

Aðrir keppendur á mótinu frá Íslandi voru Elías Snorrason, Oddný Þórarinsdóttir og Tómas Pálmar Tómasson. Með þeim í för var landsliðsþjálfarinn Helgi Jóhannesson og Reinharð Reinharðsson fararstjóri.



Á meðfylgjandi mynd má sjá Aron Anh, Móey Maríu og Svönu Kötlu með silfurverðlaun sín.

Karatesamband Íslands



Á seinni myndinni má sjá landsliðsfólkið eftir mótið, frá vinstri: Tómas Pálmar, Aron Anh, Móey María, Þórður Jökull, Oddný, Svana Katla, Aron B. og Elías.

Undirbúningur fyrir Smáþjóðamótið

Laugardaginn 15. september fékk Karatesambandið Önnu Sigríði Ólafsdóttir, Prófessor í næringarfræði við Háskóla Íslands, til að halda fyrirlestur um næringu ungs keppnisfólks. Fyrirlesturinn var haldinn fyrir þá fjölmörgu keppendur sem eru á leið á Smáþjóðamótið í karate í San Marínó í lok september. Kom margt áhugavert fram hjá Önnu Sigríði og er vonandi að það nýtist sem flestum í framhaldinu.



Sunnudaginn 16. september kom Sigurður Ragnar Eyjólfsson, íþróttasálfræðingur, og hélt fyrirlestur um hvað þarf til að ná árangri í íþróttum. Var fyrirlesturinn góður og fékk Sigurður áheyrndur í lið með sér. Kom hann með tillögur að markmiðasetningu fyrir þá sem vilja skara framúr í íþróttum. Var fyrirlestrinum vel tekið að öllum.



Eftir fyrirlestur Sigurðar var almennur fundur með keppendum og aðstandendum þeirra þar sem farið var yfir ferðatilhögun við landsliðsferðina á Smáþjóðamótið. Dreift var bolum merktum Íslandi og landsliðsmerkjum til keppenda.

Á undan og eftir fyrirlestrana voru æfingar í kata og kumite hjá landsliðsþjálfurunum. Voru um 30 manns á hvorri æfingu báða dagana.



60 manna hópur frá Íslandi á Smáþjóðamótið í karate

Um helgina 27-28.september næstkomandi verður haldið fimmta Smáþjóðamótið í Karate. Mótið verður haldið í San Marínó og sendir Ísland 41 keppenda til leiks. Keppt er bæði í kata og kumite í fimm aldursflokkum auk liðakeppni í kata og kumite.

Allt sterkasta karatefólk Íslands tekur þátt en auk Íslands eru keppendur frá Andorra, Kýpur, Liechtenstein, Luxembourg, Möltu, Monaco, San Marínó og Svartfjallalandi. Yfir 300 keppendur eru skráðir frá þessum 9 löndum og gera má ráð fyrir mjög sterku móti, þar sem keppendur frá þessum löndum hafa margir verið að vinna til verðlauna á Evrópu- og Heimsmeistaramótum. Á síðasta ári eignaðist Ísland tvo Smáþjóðameistarar, þau Aron Anh Huyng sem vann kata junior og Ivetu Ivanovu sem vann kumite junior -53kg. Íslenski hópurinn hefur æft vel á undanförunum vikum fyrir þetta mót sem og önnur verkefni í vetur, m.a. Norðurlandameistaramótið sem haldið verður í Tampere Finnlandi í lok nóvember.

Karatesamband Íslands

Auk þess er átján manna fylgdarlið með keppendum, fararstjórar, þjálfarar og dómara.



Frábær árangur á 5. Smáþjóðamótinu í karate.

Fimmta Smáþjóðamótið í karate fór fram dagana 27. til 29. September í San Marínó. Yfir 300 keppendur tóku þátt í mótinu frá öllum níu þjóðunum sem teljast til smáþjóða Evrópu.

Ísland sendi 41 keppanda á mótið og 18 manna fylgdarlið. Keppt var í kata og kumite, bæði í einstaklings- og liðakeppni. Íslensku keppendurnir náðu að vinna 2 gull, 2 silfur og 19 brons á mótinu.

Bestum árangri náðu Iveta Chavdarova Ivanova og Samuel Josh Ramos en þau unnu til gullverðlauna í sínum flokkum. Iveta náði um leið að verja titilinn sem hún vann á síðast ári á Smáþjóðamótinu í Andorra. Þau unnu einnig til verðlauna með sínum liðum í kumite.



Margir keppendur voru einnig hársbreidd frá verðlaunasætum í sínum flokkum.

Karatesamband Íslands

Næstu verkefni landsliðsins eru Cental England open í október, Heimsmeistarmótið sem verður haldið í Madríd í byrjun nóvember og Norðurlandameistaramótið sem að þessu sinni verður haldið í Tampere, Finnlandi í enda nóvember.

Heildarárangur Íslendinga á mótinu var:

Gull:

Samuel Josh Ramos, Cadet kumite male -63 kg

Iveta Chavdarova Ivanova, Junior kumite female -53 kg



Silfur:

Björn Breki Halldórsson, U13 kata male

Kata team cadet and junior female: Hjördís Helga Ægisdóttir, Kristjana Lind Ólafsdóttir og Freyja Stígisdóttir.

Brons:

Oddný Þórarinsdóttir, Cadet kata female

Agnar Már Másson, Cadet kumite male -57 kg

Freyja Stígisdóttir, Junior kata female

Þórður Jökull Henrysson, Junior kata male

Kristjana lind Ólafsdóttir, Junior kumite female +59 kg

Aron Bjarkason, Junior kumite male -61 kg

Aron Anh Huynh, Kata male

Máni Karl Guðmundsson, Male kumite -67 kg

Máni Karl Guðmundsson, Male kumite open

Ágúst Heiðar Sveinbjörnsson, Male kumite open

Ólafur Engilbert Árnason, Male kumite -75 kg

María Bergland Traustadóttir, U13 kumite female -47 kg

Sóley Eva Magnúsdóttir, U14 kata female

Björgvin Snær Magnússon, U14 kumite male +55 kg

Cadet kumite team male: Bjarni Hrafnkelsson, Agnar Már Másson, Samuel Josh Ramos, Daníel

Karels Randversson

Junior kumite team female: Hjördís Helga Ægisdóttir, Iveta C. Ivanaova, Kristjana Lind Ólafsdóttir og Freyja Stígisdóttir.

Male team kumite: Ólafur Engilbert Árnason, Máni Karl Guðmundsson, Ágúst Heiðar Sveinbjörnsson

U14 kata team female: Magnea Björt Jóhannesdóttir, Sóley Eva Magnúsdóttir, María Bergland Traustadóttir

U14 kata team male: Aron Máni Auðunsson, Nökkvi Benediktsson, Björn Breki Halldórsson

Frábær dagur á Central England Open

Íslenska landsliðið í karate átti frábæran dag í Worchester 14. október er Central England Open var haldið í sjötta sinn.



Iveta Ivanova kom, sá og sigraði enn og aftur er hún tók gull í Junior flokki -59 kg í kumite, barðist fjóra bardaga og vann alla örugglega. Þetta er í annað sinn í röð sem Iveta tekur gull á mótinu en hún sigraði einnig fyrir tveimur árum.

Svana Katla Þorsteinsdóttir náði þriðja sæti í kata kvenna senior eftir æsispennandi keppni þar sem Svana tapaði einungis í undanúrslitum með naumasta mun.

Aron Huynh náði einnig þriðja sæti í kata karla senior eftir margar magnaðar viðureignir og er ljóst að Svana og Aron eru í góðum stað í undirbúningi sínum fyrir HM.



Nýliðinn Viktoría Ingólfssdóttir, sem valin var í unglíngalandsliðið á dögnum, náði þriðja sæti í kumite flokki 12 til 13 ára eftir að hafa sigrað þrjá bardaga í röð og einungis tapað í undanúrslitum Cory Fital, sem er einn sterkasti keppandi í Evrópu í aldursflokknum.

Karatesamband Íslands

Samuel Josh Ramos landaði einnig þriðja sætinu eftir harða keppni í Cadet flokki í kumite -63 kg.

Samuel er nýkrýndur Smáþjóðameistari og hefur bætt sig mikið á árinu.

Ólafur Engilbert Árnason, átti sterka innkomu í -75 kg flokk kumite er hann náði þriðja sæti eftir fjóra bardaga, Ólafur er við æfingar í Danmörku og er í mjög góðu formi þessa dagana þar sem hann hefur einnig unnið sér sæti á HM.

Ólafur Engilbert, Máni Karl, Ágúst Heiðar og Iveta öttu kappi í kynjablandaðri liðakeppni (tveir karlar og ein kona) þar sem Íslenska liðið sigraði tvær viðureignir og kepptu til úrslita við CEWKA frá Skotlandi en Skotarnir náðu með naumindum að tryggja gullið í mjög jafnri viðureign. Iveta keppti upp fyrir sig en hún fékk sérstakt leyfi hjá skipuleggjendum að keppa í senior flokki, en Iveta er einungis 17 ára.

Ingólfur Snorrason, landsliðsþjálfari í kumite, og Pétur Freyr Ragnarsson, aðstoðarþjálfari, stjórnðu landsliðinu og gekk keppnisdagurinn vel, það var mikið um annir þar sem nokkrir kepptu á sama tíma en dagurinn gerði mikið jafnt fyrir þá sem fengu verðlaun og einnig þá sem fengu reynslu.



Æfingahelgin 19. – 21. október

Helgina 19.-21. október voru haldnar æfingar fyrir unga og efnilega keppendur í kumite og kata á vegum Karatesambandsins.

Föstudaginn 19. og laugardaginn 20. október hélt landsliðsþjálfarinn í kumite, Ingólfur Snorrason, æfingar fyrir hóp iðkenda sem hann taldi eiga erindi í framtíðar landslið Íslands í kumite. Góð mæting var á æfingarnar og tókust þær vel.



Laugardaginn 20. október var æfinga fyrir unga og efnilega keppendur í kata undir stjórn Karin Haggland og Helga Jóhannessonar, landsliðsþjálfara í kata og tókust þær einnig vel. Er framtíðin björt fyrir framtíð karate á Íslandi.

Karatesamband Íslands



Þau voru einnig með æfingar fyrir landsliðið í kata um helgina og var það undirbúningur fyrir mæstu verkefni þess, HM í Madrid, Spáni, í byrjun nóvember og NM í Tampere, Finnlandi í lok nóvember.



Karatesamband Íslands hlýtur styrk úr Afrekssjóði ÍSÍ

Afrekssjóður ÍSÍ tók upp nýtt fyrirkomulag á árinu og hafa fjölmörg sérsambönd hlotið styrki úr sjóðnum.

Á undanförunum vikum hefur verið gengið frá formlegum samningum við þessi sérsambönd og var Karatesamband Íslands eitt af fyrstu sérsamböndum ÍSÍ til að undirrita samning vegna styrkveitinga ársins.

Karatesamband Íslands (KAÍ) flokkast sem B/Alþjóðlegt sérsamband samkvæmt flokkun Afrekssjóðs ÍSÍ fyrir árið 2018. Heildarstyrkveiting sjóðsins til KAÍ vegna verkefna ársins er 5.350.000 kr. en er það töluverð hækkun á styrkupphæð frá síðustu árum, en verkefni KAÍ árið 2017 hlutu t.d. styrk að upphæð 3.200.000 kr.

KAÍ hefur sent keppendur á fjölmörg alþjóðleg mót það sem af er ári, bæði á fullorðins- og unglingamót í kata og kumite. Árangur hefur verið með ágætum og ljóst er að framtíðin er björt.

Karatesamband Íslands



Það voru þau Reinharð Reinharðsson, formaður KAÍ og María Jensen, gjaldkeri KAÍ sem undirrituðu samninginn fyrir hönd Karatesambands Íslands og þau Lilja Sigurðardóttir, formaður stjórnar Afrekssjóðs ÍSÍ og Andri Stefánsson, sviðsstjóri Afreks- og Ólympíusviðs ÍSÍ, fyrir hönd Afrekssjóðs ÍSÍ.

Norðurlandameistaramótið í karate, Tampere, Finnlandi

Norðurlandameistaramótið í karate, verður haldið í Tampere, Finnlandi og fer fram laugardaginn 24. nóvember næstkomandi.

Karatesambandið sendir 30 manna hóp á mótið. 19 keppendur, 4 þjálfara, 4 dómara, 2 fararstjóra og formaður KAÍ er með í för.



Keppendur fyrir Ísland eru:

Svana Katla Þorsteinsdóttir í kata

Aron Anh Ky Huynh- kata

Móey María Sigþórsdóttir McClure -kata

Tómas Pálmar Tómasson í kata

Aron Bjarkason í kata & kumite

Elías Snorrason- kata/hópkata

Sverrir Magnússon í kata/hópkata

Þórður Jökull Henrysson- kata/hópkata

Oddný Þórarinsdóttir í kata

Karatesamband Íslands

Freyja Stígsdóttir- kata
Ísold Klara Felixdóttir- kumite
Iveta C. Ivanova- kumite
Agnar Már Másson i kumite
Samuel Rosh Ramos- kumite
Ólafur Engibert Árnason- kumite
Ágúst Heiðar Sveinbjörnsson- kumite
Máni Karl Guðmundsson- kumite
Sóley Eva Magnúsdóttir i kata & kumite
Kristjana Lind Ólafsdóttir- kumite



Fararstjórar: María Jensen, Gunnlaugur Sigurðsson

Þjálfarar: Ingólfur Snorrason, Ólafur Helgi Hreinsson, María Helga Guðmundsdóttir og Halldór Stefánsson.

Dómarar: Helgi Jóhannesson, Pétur Freyr Ragnarsson, Kristján Ó. Davíðsson og Ragnar Eyþórsson.

Þrjú brons á Norðurlandameistaramótinu 2018

Íslenskir keppendur náðu í þrjú brons á Norðurlandameistaramótinu í karate sem var haldið í Tampere, Finnlandi, laugardaginn 24. nóvember.

Um 300 keppendur voru mættir til leiks frá 8 þjóðum. Danir stóðu sig best og urðu sigursælasta þjóðin 7. árið í röð.

Karatesamband Íslands



Ágúst Heiðar Sveinbjörnsson, brons í -75 kg flokki í kumite senior.



Freyja Stígisdóttir, female kata junior.



Ísold Klara Felixdóttir, female -47 kg kumite cadet.

6 keppendur náðu síðan 5-6 sæti í sínum flokkum.

Ragnar Eypórsson með NORDIC-referee réttindi

Á norðurlandameistaramótinu í karate fór Ragnar Eypórsson í próf fyrir NORDIC-referee réttindi. Stóðst hann þau með sóma bæði í kata og kumite og er því NORDIC-referee.

Óskum við honum til hamingju með áfangann.



Ragnar, Pétur, Helgi og Kristján

Aron Bjarkason og María Helga Guðmundsdóttir, Þórshamri bikarmeistarar 2018

Föstudaginn 23. nóvembers fór fram þriðja og síðasta bikarmót ársins í karate, mótið var haldið í Fylkisselinu, Norðlingaholti í umsjón Karatedeildar Fylkis. Eftir að úrslit lágur fyrir var ljóst hverju eru bikarmeistara í karate 2018.

Stigahæstu konurnar urðu;

María Helga Guðmundsdóttir, Þórshamar, 45 stig

Arna Katrín Kristinnsdóttir, Breiðablik, 30 stig

Iveta Ivanova, Fylkir, 20 stig

Stigahæstu karlarnir urðu;

Aron Bjarkason, Þórshamar, 33 stig

Aron Ahnh Ky Hyunh, ÍR, 30 stig

Ágúst Heiðar Sveinbjörnsson, Fylkir, 28 stig

Karatesamband Íslands

Á meðfylgjandi mynd má sjá bikarmeistarana, Maríu Helgu og Aron Bjarkason.



Laugardaginn 24. desember, fór fram þriðja GrandPrix bikarmótið sem er mótaröð fyrir 12-17 ára unglunga, þar sem keppt er í kata og kumite, skipt í aldursflokka en miðað er við fæðingarár. Þau sem stóðu uppi sem sigurvegarar og GrandPrix bikarmeistarar eru;

Kata 12 ára drengir, Björn Breki Halldórsson, KFR

Kata 12 ára stúlkur, Anna Koziel, KFR

Kata 13 ára drengir, Þorgeir Björgvinsson, UMFA

Kata 13 ára stúlkur, Eydís Magnea Friðriksdóttir, Fjölnir

Kata 14-15 ára drengir, Tómas Pálmar Tómasson, Breiðablik

Kata 14-15 ára stúlkur, Oddný Þórarinsdóttir, UMFA

Kata 16-17 ára drengir, Aron Bjarkason, Þórshamar

Kata 16-17 ára stúlkur, Móey María Sigþórsdóttir McClure, Breiðablik

Kumite 12 ára drengir, Björn Breki Halldórsson, KFR

Kumite 12 ára stúlkur, María Bergland, KFA

Kumite 13 ára drengir, Hugl Halldórsson, KFR

Kumite 13 ára stúlkur, Viktoría Ingólfssdóttir, Fylkir

Kumite 14 ára piltar, Björgvin Snær Magnússon, KFA

Kumite 14-15 ára stúlkur, Sóley Eva Magnúsdóttir, KFA

Kumite 15 ára piltar, Samuel Josh Ramos, Fylkir

Kumite piltar 16-17 ára, Daníel Aron Davíðsson, Fylkir

Kumite stúlkna 16 og 17 ára, Iveta Ivanova, Fylkir



GrandPrix meistarar 2018

Karatekona og karatemaður ársins 2018

Stjórn Karatesambands Íslands hefur útnefnt eftirfarandi karatekonu og karatemann ársins 2018.

Karatekona ársins 2017.

Iveta C. Ivanova, Karatedeild Fylkis.

Iveta hefur verið sigursæl karatekona síðustu ár í sínum aldursflokki. Hún keppir í kumite og hefur náð frábærum árangri á árinu. Hún varði Smáþjóðameistaratitil sinn frá fyrra ári, auk þess að vera Íslandsmeistari í -55kg flokki kvenna. Hún hefur verið í verðlaunasætum erlendis sem og innanlands síðstu ár.

Helstu afrek Ivetu á árinu 2018 voru;

Smáþjóðamót í karate -53kg junior female, 1. sæti
Íslandsmeistari fullorðinna -55 kg female, 1 sæti
Íslandsmeistari unglunga -53 kg junior female, 1. sæti
Berlín open, -53 kg junior female, 1. sæti
Berlín open, -55 kg U21 female, 3. sæti
Amsterdam open, -53 kg junior female, 1. sæti
Swedish open -53 kg junior female, 1. sæti
Randori Þýskaland -53 kg junior female, 2. sæti
Central England open -53 kg junior female, 1. sæti
Central England open mixed team senior, 2. sæti
Álaborg open -53 kg junior female, 3. sæti

Hún er því verðugur fulltrúi karateíþróttarinnar

Karatemaður ársins 2018.

Karatesamband Íslands

Ólafur Engilbert Árnason, karatedeild Fylkis.

Ólafur hefur verið sigursæll á mótum bæði erlendis og innanlands undanfarin ár. Hann keppir í kumite og hefur náð góðum árangri á árinu.

Hann er Íslandsmeistari í -75 kg flokki í kumite karla. Hann stundar nú æfingar í Danmörku undir handleiðslu landsliðsþjálfara Dana í kumite.

Helstu afrek Ólafs á árinu voru;

Íslandsmeistari fullorðinna -75 kg senior male, 1. sæti

Íslandsmeistari fullorðinna, liðakeppni, 1. sæti

Ishøj Karate Cup -75 kg senior male, 3. sæti

Ishøj Karate Cup -75 kg U21 male, 3. sæti

Ishøj Karate Cup open male, 3. sæti

Ishøj Karate Cup liðakeppni, 3. sæti

Swedish open -75 kg male, 2. sæti

Swedish open open male, 1. sæti

Danska meistaramótið -75 kg U21 male, 2. sæti

Central England open -75 kg senior male, 3. sæti

Central England Open mixed team senior, 2. sæti

Smáþjóðamót í karate -75 kg senior male, 3. sæti

Smáþjóðamót í karate team male, 3. sæti

Álaborg open -75 kg senior male, 2. sæti

Hann er því verðugur fulltrúi karateíþróttarinnar.



NEFNDIR

Aganefnd

Ásmundur Ísak Jónsson - formaður

Ólafur Helgi Hreinsson

Guðni Már Egilsson

Magnús Kr. Eyjólfsson

Willem Cornelis Verheul

Varamenn:

Gretar Örn Halldórsson

Indriði Jónsson

Vincente Carrasco

Dómaranefnd

Kristján Ó. Davíðsson - formaður

Pétur Freyr Ragnarsson

Ragnar Eyþórsson

Landsliðsnefnd

María Helga Guðmundsdóttir í
formaður

Elías Guðni Guðnason

Stefán Alfreðsson

Mótanefnd

María Jensen í formaður

Bjarki Logason

Gaukur Garðarsson

Kristján Örn Hilmarsson

Graciete Das Dorez

Robert Ben

Guðlaug Bára Helgadóttir

Hrafnhildur Úlfarsdóttir

Landsliðspjálfarar

Ingólfur Snorrason í Kumite

Helgi Jóhannesson í Kata

MÓT Á ÁRINU 2018

1. Bikarmót KAÍ 2018

RESULTS

1. Bikarmót KAÍ 2018 - Results Search:

CATEGORIES	RANK	NAME	CLUB	COUNTRY
KATA KARLA	1 	ANH KY HUYNH ARON	ÍPRÓTTAFÉLAG REYKJAVÍKUR	 ICELAND
KATA KARLA	2 	ARON BJARKASON	KARATEFÉLAGIÐ ÞÓRSHAMAR	 ICELAND
KATA KARLA	3 	ELÍAS SNORRASON	KARATEFÉLAG REYKJAVÍKUR	 ICELAND
KATA KARLA	3 	JÓHANNES FELIX JÓHANNESSON	BREIDABLIK KARATEDEILD	 ICELAND
KATA KVENNA	1 	MARÍA HELGA GUÐMUNDSDÓTTIR	KARATEFÉLAGIÐ ÞÓRSHAMAR	 ICELAND
KATA KVENNA	2 	ARNA KATRÍN KRISTINSDÓTTIR	BREIDABLIK KARATEDEILD	 ICELAND
KATA KVENNA	3 	KRISTJANA LIND ÓLAFSDÓTTIR	KARATEFÉLAGIÐ ÞÓRSHAMAR	 ICELAND
KATA KVENNA	3 	MÖEY MARÍA SIGÞÓRSÐÓTTIR MCCLURE	BREIDABLIK KARATEDEILD	 ICELAND
KATA KVENNA	5	SAEEDAH SHAFEE	KARATEFÉLAGIÐ ÞÓRSHAMAR	 ICELAND
KATA KVENNA	5	GUÐBJÖRG BIRTA SIGURÐARDÓTTIR	BREIDABLIK KARATEDEILD	 ICELAND
KUMITE KARLA	1 	ÁGÚST HEIÐAR SVEINBJÖRNSSON	KARATEDEILD FYLKIS	 ICELAND
KUMITE KARLA	2 	MÁNI KARL GUÐMUNDSSON	KARATEDEILD FYLKIS	 ICELAND
KUMITE KARLA	3 	ARON BJARKASON	KARATEFÉLAGIÐ ÞÓRSHAMAR	 ICELAND
KUMITE KARLA	3 	MILE STRBAC	KARATEDEILD FYLKIS	 ICELAND
KUMITE KVENNA	1 	IVETA IVANOVA	KARATEDEILD FYLKIS	 ICELAND
KUMITE KVENNA	2 	LÓA FINNSDÓTTIR	KARATEDEILD FYLKIS	 ICELAND
KUMITE KVENNA	3 	MARÍA HELGA GUÐMUNDSDÓTTIR	KARATEFÉLAGIÐ ÞÓRSHAMAR	 ICELAND
KUMITE KVENNA	3 	ARNA KATRÍN KRISTINSDÓTTIR	BREIDABLIK KARATEDEILD	 ICELAND
KUMITE KVENNA	5	BURACZEWSKA KAMILA	ÍPRÓTTAFÉLAG REYKJAVÍKUR	 ICELAND
KUMITE KVENNA	5	FREYJA STÍGSÐÓTTIR	KARATEFÉLAGIÐ ÞÓRSHAMAR	 ICELAND



Privacy statement | GTC | Imprint

SET Online by sportdata.org © sportdata GmbH & Co KG 2001 - 2018 (2018-03-01 13:17:54 CET +01:00)
 WKF (World Karate Federation) APPROVED SOFTWARE

1. GrandPrix mót KAÍ 2018

RESULTS

1. Grand Prix mót KAÍ 2018 - Results

Search:

CATEGORIES	RANK	NAME	CLUB	COUNTRY
KATA 12 ÁRA PILTA	1	BJÖRN HALLDÓRSSON	KARATEFÉLAG REYKJAVÍKUR	ICELAND
KATA 12 ÁRA PILTA	2	NÖKKVI BENEDIKTSSON	KARATEFÉLAG REYKJAVÍKUR	ICELAND
KATA 12 ÁRA PILTA	3	BALDVIN ÍSLEIFUR ÓSKARSSON	BREIDABLIK KARATEDEILD	ICELAND
KATA 12 ÁRA PILTA	3	ARON AUBUNSON	KARATEFÉLAG REYKJAVÍKUR	ICELAND
KATA 12 ÁRA PILTA	5	BIRGIR GAUTI KRISTJÁNSSON	BREIDABLIK KARATEDEILD	ICELAND
KATA 12 ÁRA PILTA	5	BJARNASON KJARTAN	FJÖLNIR KARATE	ICELAND
KATA 12 ÁRA PILTA	7	JÓN SNÆVAR BJARNASON	KARATEFÉLAG AKUREYRAR	ICELAND
KATA 12 ÁRA PILTA	7	GUÐJÓN DANIEL BJARNASON	BREIDABLIK KARATEDEILD	ICELAND
KATA 12 ÁRA STÜLKNA	1	ANNA KOZIEL	KARATEFÉLAG REYKJAVÍKUR	ICELAND
KATA 12 ÁRA STÜLKNA	2	MARÍA BERGLAND	KARATEFÉLAG AKUREYRAR	ICELAND
KATA 12 ÁRA STÜLKNA	3	UNA BORG GARBARDSDÓTTIR	KARATEFÉLAG REYKJAVÍKUR	ICELAND
KATA 12 ÁRA STÜLKNA	3	SIGRÚN KAREN YEO	KARATEFÉLAG AKUREYRAR	ICELAND
KATA 12 ÁRA STÜLKNA	5	SALKA FINNSDÓTTIR	BREIDABLIK KARATEDEILD	ICELAND
KATA 12 ÁRA STÜLKNA	5	DÓRÓTHEA ELÍSA HLYNSDÓTTIR	KARATEDEILD HAUKA	ICELAND
KATA 13 ÁRA PILTA	1	HUGI HALLDÓRSSON	KARATEFÉLAG REYKJAVÍKUR	ICELAND
KATA 13 ÁRA PILTA	2	RÓBERT DENNIS SOLOMON	BREIDABLIK KARATEDEILD	ICELAND
KATA 13 ÁRA PILTA	3	SAMÜEL TYR SIGÞÓRSSON MCCLURE	BREIDABLIK KARATEDEILD	ICELAND
KATA 13 ÁRA PILTA	3	ÞORGEIR BJÖRGVINSSON	AFTURELDING KARATE	ICELAND
KATA 13 ÁRA PILTA	5	HUGI TÖR HARALDSSON	AFTURELDING KARATE	ICELAND
KATA 13 ÁRA PILTA	5	GUNNAR HARALDSSON	AFTURELDING KARATE	ICELAND
KATA 13 ÁRA STÜLKNA	1	FRÍÐRIKSDÓTTIR EYDÍS MAGNEA	FJÖLNIR KARATE	ICELAND
KATA 13 ÁRA STÜLKNA	2	ÞORSTEINSDÓTTIR YLFA SÖL	FJÖLNIR KARATE	ICELAND

Karatesamband Íslands

KATA 13 ÁRA STÜLKNA		MAGNEA BJÖRT JOHANNESDÓTTIR	KARATEFÉLAG AKUREYRAR	 ICELAND
KATA 13 ÁRA STÜLKNA		SIGRÚN SÓLEY ÞRÁSTARDÓTTIR	KARATEFÉLAG AKUREYRAR	 ICELAND
KATA 13 ÁRA STÜLKNA		ÍRIS HARPA HILMARSDÓTTIR	KARATEFÉLAG AKUREYRAR	 ICELAND
KATA 13 ÁRA STÜLKNA		ZOFÍA MOMUNTJUK	ÍÐRÓTTAFÉLAG REYKJAVÍKUR	 ICELAND
KATA 14-15 ÁRA PILTA		TÓMAS PÁLMAR TÓMASSON	BREIDABLIK KARATEDEILD	 ICELAND
KATA 14-15 ÁRA PILTA		TÓMAS ARON GÍSLASON	BREIDABLIK KARATEDEILD	 ICELAND
KATA 14-15 ÁRA PILTA		BRYNJARSSON ÓLAFUR ÍAN	KARATEFÉLAG AKRANESS	 ICELAND
KATA 14-15 ÁRA PILTA		STEFÁN FRANZ GUÐNASON	KARATEFÉLAGIÐ ÞÓRSHAMAR	 ICELAND
KATA 14-15 ÁRA PILTA		DANÍEL KARLES RANDVERSSON	KARATEFÉLAG AKUREYRAR	 ICELAND
KATA 14-15 ÁRA PILTA		BJARNASON HÁKON	FJÖLNIR KARATE	 ICELAND
KATA 14-15 ÁRA PILTA		BJÖRGVIN SNÆR MAGNÚSSON	KARATEFÉLAG AKUREYRAR	 ICELAND
KATA 14-15 ÁRA STÜLKNA		ODDNÝ ÞÓRARINSDÓTTIR	AFTURELDING KARATE	 ICELAND
KATA 14-15 ÁRA STÜLKNA		RONJA HALLDÓRSDÓTTIR	KARATEFÉLAG REYKJAVÍKUR	 ICELAND
KATA 14-15 ÁRA STÜLKNA		GUÐJÓNSDÓTTIR KRISTRÚN BÁRA	KARATEFÉLAG AKRANESS	 ICELAND
KATA 14-15 ÁRA STÜLKNA		SUNNA RUT GUÐLAUGARDÓTTIR	FJÖLNIR KARATE	 ICELAND
KATA 16-17 ÁRA PILTA		ARON BJARKASON	KARATEFÉLAGIÐ ÞÓRSHAMAR	 ICELAND
KATA 16-17 ÁRA PILTA		SVERRISSON BALDUR	FJÖLNIR KARATE	 ICELAND
KATA 16-17 ÁRA PILTA		ELÍS ÞÓR TRAUSTASON	BREIDABLIK KARATEDEILD	 ICELAND
KATA 16-17 ÁRA STÜLKNA		MÓEY MARÍA SIGÞÓRSDÓTTIR MCCLURE	BREIDABLIK KARATEDEILD	 ICELAND
KATA 16-17 ÁRA STÜLKNA		FREYJA STÍGSÓTTIR	KARATEFÉLAGIÐ ÞÓRSHAMAR	 ICELAND
KATA 16-17 ÁRA STÜLKNA		HJÓRÐÍS HELGA ÆGISDÓTTIR	KARATEDEILD HAUKA	 ICELAND
KATA 16-17 ÁRA STÜLKNA		ELÍN BJÖRG ARNARSDÓTTIR	AFTURELDING KARATE	 ICELAND
KATA 16-17 ÁRA STÜLKNA		BURACZEWSKA KAMILA	ÍÐRÓTTAFÉLAG REYKJAVÍKUR	 ICELAND
KATA 16-17 ÁRA STÜLKNA		FREYJA BENEDIKTSDÓTTIR	BREIDABLIK KARATEDEILD	 ICELAND

Karatesamband Íslands

KUMITE 12 ÁRA PILTA	1 	ALEXANDER RÓSANT HJARTARSSON	KARATEDEILD FYLKIS	 ICELAND
KUMITE 12 ÁRA PILTA	2 	NÓKKVI BENEDIKTSSON	KARATEFÉLAG REYKJAVÍKUR	 ICELAND
KUMITE 12 ÁRA PILTA	3 	ARON AUBUNSON	KARATEFÉLAG REYKJAVÍKUR	 ICELAND
KUMITE 12 ÁRA PILTA	3 	BJÖRN HALLDÖRSSON	KARATEFÉLAG REYKJAVÍKUR	 ICELAND
KUMITE 12 ÁRA PILTA	5	HELGI HJÖRLEIFSSON	KARATEFÉLAG AKUREYRAR	 ICELAND
KUMITE 12 ÁRA PILTA	5	BIRGIR GAUTI KRISTJÁNSSON	BREIDABLIK KARATEDEILD	 ICELAND
KUMITE 12 ÁRA PILTA	7	BALDVIN ÍSLEIFUR ÓSKARSSON	BREIDABLIK KARATEDEILD	 ICELAND
KUMITE 12 ÁRA PILTA	7	JÓN SNÆVAR BJARNASON	KARATEFÉLAG AKUREYRAR	 ICELAND
KUMITE 12 ÁRA TELPNA	1 	MARÍA BERGLAND	KARATEFÉLAG AKUREYRAR	 ICELAND
KUMITE 12 ÁRA TELPNA	2 	KAREN THUY DUONG VU	KARATEDEILD FYLKIS	 ICELAND
KUMITE 12 ÁRA TELPNA	3 	ANNA KOZIEL	KARATEFÉLAG REYKJAVÍKUR	 ICELAND
KUMITE 12 ÁRA TELPNA	3 	SIGRÚN DALRÓS EIRIKSDÓTTIR	KARATEFÉLAG AKUREYRAR	 ICELAND
KUMITE 12 ÁRA TELPNA	5	ÍSABELLA ÞÓRA HARALDSDÓTTIR	KARATEDEILD FYLKIS	 ICELAND
KUMITE 12 ÁRA TELPNA	5	UNA BORG GABARSDÓTTIR	KARATEFÉLAG REYKJAVÍKUR	 ICELAND
KUMITE 12-13 ÁRA TELPNA	1 	VIKTORÍA INGÓLFSDÓTTIR	KARATEDEILD FYLKIS	 ICELAND
KUMITE 12-13 ÁRA TELPNA	2 	FRIBRIKSDÓTTIR EYDÍS MAGNEA	FJÖLNIR KARATE	 ICELAND
KUMITE 12-13 ÁRA TELPNA	3 	MAGNEA BJÖRT JÓHANNESDÓTTIR	KARATEFÉLAG AKUREYRAR	 ICELAND
KUMITE 12-13 ÁRA TELPNA	3 	SARA VALGERÐUR ÓTTARSDÓTTIR	KARATEDEILD FYLKIS	 ICELAND
KUMITE 13 ÁRA PILTA	1 	HUGI HALLDÖRSSON	KARATEFÉLAG REYKJAVÍKUR	 ICELAND
KUMITE 13 ÁRA PILTA	2 	NÓKKVI SNÆR KRISTJÁNSSON	KARATEDEILD FYLKIS	 ICELAND
KUMITE 13 ÁRA PILTA	3 	ÞORGEIR BJÖRGVINSSON	AFTURELDING KARATE	 ICELAND
KUMITE 13 ÁRA PILTA	3 	ANDRI BLÆR KRISTJÁNSSON	KARATEDEILD FYLKIS	 ICELAND
KUMITE 13 ÁRA PILTA	5	HUGI TÓR HARALDSSON	AFTURELDING KARATE	 ICELAND
KUMITE 13 ÁRA PILTA	5	VALUR KRISTINN STARKAÐARSON	KARATEFÉLAGIÐ ÞÓRSHAMAR	 ICELAND
KUMITE 14 ÁRA PILTA	1 	BJÖRGVIN SNÆR MAGNÚSSON	KARATEFÉLAG AKUREYRAR	 ICELAND

Karatesamband Íslands

KUMITE 14 ÁRA PILTA	2	DANIEL KARLES RANDVERSSON	KARATEFÉLAG AKUREYRAR	 ICELAND
KUMITE 14 ÁRA PILTA	3	LEZEK TOMASS KISIELEWSKI	ÍÞRÓTTAFÉLAG REYKJAVÍKUR	 ICELAND
KUMITE 14 ÁRA PILTA	3	BJARNASON HÁKON	FJÖLNIR KARATE	 ICELAND
KUMITE 14 ÁRA PILTA	5	ARNÖR ÍSFELD SNÆBJÖRNSSON	KARATEDEILD FYLKIS	 ICELAND
KUMITE 14-15 ÁRA STÚLKNA	1	SÓLEY EVA MAGNÚSDÓTTIR	KARATEFÉLAG AKUREYRAR	 ICELAND
KUMITE 14-15 ÁRA STÚLKNA	2	RONJA HALLDÓRSDÓTTIR	KARATEFÉLAG REYKJAVÍKUR	 ICELAND
KUMITE 14-15 ÁRA STÚLKNA	3	THEÓÐÓRA PÉTURSDÓTTIR	KARATEDEILD FYLKIS	 ICELAND
KUMITE 14-15 ÁRA STÚLKNA	3	ISOLD FELIXDÓTTIR	KARATEDEILD FYLKIS	 ICELAND
KUMITE 14-15 ÁRA STÚLKNA	5	SUNNA RUT GUDLAUGARDÓTTIR	FJÖLNIR KARATE	 ICELAND
14. gr. Kæur skulu vera skriflegar og skal kærán eða tilkynning um hana hafa borist dómstól innan tveggja sólarhringa frá því að hið kærða atvik átti sér stað. Sé kærán póstlögð skal það tilkynnt sérstaklega með staðfestu símskeyti. Dómfesta skal mál innan 7 daga frá því að kæra berst dómstól. Þá skal liggja fyrir rökstuðningur kæru, að öðrum kosti telst kærán ógild. Vísi dómstóll kæru frá vegna formgalla skal kærandi eiga þess kost að kæra að nýju innan tveggja sólarhringa frá því að honum er birtur úrskurðurinn. Úrskurðir og dómar dómstóls KAÍ skulu birtir í staðfestu símskeyti eða ábyrgðarbréfi.

15. gr. KAÍ skal, í samráði við hlutaðeigandi héraðssambönd, vinna að stofnun nýrra sérráða.

16. gr. Stjórn KAÍ hefur frjálsan aðgang að öllum karatemótum og sýningum sem fram fara innan vébanda KAÍ. Einnig á hún rétt á að sitja aðalfundi sérráða, dómarafélaga og héraðssamband sem eru aðilar að sambandinu.

17. gr. Tillögur um að leggja KAÍ niður má aðeins taka fyrir á lögmætu karateþingi. Til þess að samþykkja þá tillögu, þarf minnst 3/4 hluta atkvæða. Hafi slík tillaga verið samþykkt skal gera öllum sambandsaðilum grein fyrir henni í þinggerðinni og tillagan síðan látin ganga til næsta reglulega þings. Verði tillagan þá samþykkt aftur er það fullgild ákvörðun um að leggja KAÍ niður. Skal þá afhenda ÍSÍ eignir KAÍ til varðveislu.

18. gr. Lög þessi öðlast gildi þegar framkvæmdastjórn ÍSÍ hefur samþykkt þau.

Lög þessi öðluðust gildi 4. maí 1985 er þau voru samþykkt á Sambandsstjórnarfund

AFREKSSTEFNA KARATESAMBANDS ÍSLANDS 2018 - 2021

Inngangur

Karateíþróttin er að mestum hluta stunduð í félögum á höfuðborgarsvæðinu og eru félögin í dag Karatefélagið Þórshamar, Karatefélag Reykjavíkur og karatedeildir Breiðabliks, Fylkis, Hauka, Víkings, Fjölnis, Aftureldingar og ÍR. Utan höfuðborgarsvæðisins er karate stundað hjá Karatefélagi Akraness, Akranesi, Karatefélagi Suðurlands, Selfossi, Karatefélagi Akureyrar, Akureyri, Karatefélagi Vestmannaeyja, Vestmannaeyjum. Einnig á Grundarfirði, Eskifirði og í Neskaupsstað.

Karateíþróttin hefur verið í örum vexti undanfarin 30 ár. Á Íslandi eru stundaðir að mestu 4 stílar karate, og hefur það áhrif að nýtingu á þjálfurum. Þ.e. það er ekki eins auðvelt að samnýta þjálfara á milli karatestíla. Nokkur félög hafa farið út í það að sækja kennara erlendis frá og hefur það reynst mjög vel. Það er hins vegar mjög kostnaðarsamt og ekki allir sem hafa ráð á því.

Framkvæmd

Stjórn KAÍ í samstarfi við landsliðsnefnd fer yfir afreksstefnun KAÍ í upphafi árs. Uppfærð afreksstefna er lögð fyrir Karateþing í febrúar ár hvert til kynningar, umræðu og samþykktar. Að þingi loknu er Afreksstefnan uppfærð á heimasíðu KAÍ.

Markmið

Markmið Karatesambands Íslands fyrir afrek á erlendum vettvangi er eftirfarandi:

Að stefna að því að eiga keppendur í átta manna úrslitum á Evrópu- eða heimsmeistaramótum og eiga keppendur í verðlaunasætum á sterkum eða millisterkum alþjóðlegum mótum. Þetta á hvoru tveggja við um unglunga og fullorðins keppendur.

Veikleikar/Styrkleikar

Það sem háir íþróttinni á landsvísu er fyrst og fremst þjálfaraskortur. Nánast allir þeir þjálfarar sem eru hærra gráðaðir (svart belti eða hærra) eru búsettir á höfuðborgarsvæðinu. Kostnaður er einnig mikill við þátttöku á mótum erlendis.

Landsliðsþjálfarar

Landsliðsþjálfarar þurfa að hafa staðgóða þekkingu á karate með keppni í huga. Hafa lokið þjálfaranám í ÍSÍ eða með sambærilega menntun. Erlendir þjálfarar sem koma til landsins hafa mikla keppnisreynslu og hafa starfað sem þjálfarar afreksmanna í karate. Þjálfarar landsliðanna eru hvattir til að afla sér aukinnar þekkingar í íþróttinni og öðrum þáttum afreksíþróttar. Haldin eru þjálfaranámskeið fyrir félagsþjálfara þar sem áherslur og markmið landsliðsþjálfara eru útskýrð.

Aðstaða

Íþróttina er hægt að stunda við mjög einföld skilyrði þ.e. aðstaða í flestum íþróttasölum landsins er fullnægjandi. Karatesambandið er ekki með eigin aðstöðu til æfinga fyrir landsliðin en hefur leitað til karatefélaga og í deilda með æfingaaðstöðu. Flest þeirra eiga nú viðurkennda keppnisvelli sem nýtast við æfingar.

Mótagald

Karatesamband Íslands

Lengst framan af voru aðeins fá mót sem iðkendur gátu keppt á. Með tilkomu nýrra móta sem KAI hratt af stað, þ.e. Bikarmótaröð fullorðinna sem eru 2-4 yfir árið og var farið af stað með árið 1996, sem og bikarmótaröð unglunga (12-17 ára) sem fyrst var keppt á árið 2006, hafa keppendur öðlast mun fyrr keppnisreynslu sem þeim er svo nauðsynleg þegar komið er á erlend mót.

Sífelld stækkandi hópur íslenskra keppnismanna hefur sótt alþjóðleg mót undanfarin ár og náð þar ágætis árangri. Yngri keppendur eru farnir að sækja alþjóðleg mót í mun ríkari mæli, og verða þannig mun betur í stakk búin til að ná árangri á erlendri grundu en áður hefur þekkt.

Afrek

Afrek telst vera að komast í fimm manna úrslit á sterkustu opnu alþjóðamótunum, svo sem Opna enska, franska, þýska, hollenska o.s.frv, 1-3 sæti á millisterkum mótum, þar með talið Norðurlandamót, í átta manna úrslit á Evrópumótum og 16 manna úrslit á heimsmeistaramótum, hvort sem um er að ræða unglingamót eða fullorðins.

Hvernig á að ná þessum markmiðum

Ánnan KAÍ skal starfa Landsliðsnefnd, kosinn af stjórn KAÍ, til að halda utan um landsliðsmál.

ÁÞað skulu vera starfandi landsliðsþjálfarar bæði fyrir Kata- og Kumite lið.

ÁLandsliðsþjálfara þurfa að hafa skipulagðar landsliðsæfingar allan ársins hring, bæði opnar og lokaðar.

ÁSenda á keppendur frá u.þ.b. 14 ára aldri á alþjóðleg mót þannig að þau öðlist þá keppnisreynslu sem til þarf til að ná árangri á erlendri grundu. Unglingalandslið fari utan í keppni a.m.k. 2 sinnum á ári og fullorðins 3 sinnum.

ÁStefnt er að því að þeir einstaklingar sem eru valdir í landsliðið, hafi aðgang og vinna með sérfræðingum á sviðum líkamsuppbyggingar, næringarfræði og heilsuverndar.

ÁKAÍ getur styrkt unga keppendur til að sækja alþjóðleg mót þótt ekki séu þeir komnir í landslið enda hafi þeir sýnt metnað og mætt á opnar landsliðsæfingar KAÍ eftir þeim viðmiðunum sem landsliðsnefnd setur hverju sinni.

Skipulag

Karatesamband Íslands fer með málefni íþróttarinnar gagnvart ÍSí og er aðili að Norræna karatesambandinu (NKF), Karatesambandi Smáþjóða í Evrópu (SSEKF), Karatesambandi Evrópu (EKF), Alþjóða karatesambandinu (WKF) og er viðurkennt af Alþjóða Ólympíunefndinni, IOC.

Landsliðsþjálfari í samvinnu við landsliðsnefnd ber ábyrgð á að fylgja stefnu sambandsins í þeim málum sem honum er úthlutað. Hann sér um að undirbúa keppendur fyrir þau verkefni sem á undan hafa verið talin og ná þeim markmiðum sem koma fram í afreksstefnunni. Val á keppendum er undir honum komið og vinnur hann í samvinnu við landsliðsnefnd KAÍ hverju sinni.

Landsliðshópur

Til að komast í landslið Íslands í karate þurfa keppendur að hafa fengið boð frá landsliðsþjálfara. Landslið,

Landsliðsþjálfarar velja í landsliðshóp.

Keppandi mætir a.m.k. á 70% skipulagðra samæfinga á vegum landsliðsnefndar á hverju misseri

Karatesamband Íslands

Keppandi stenst þolprófi sett af landsliðsþjálfara.

Keppandi vinnur sjálfstætt í æfinga- og keppnisáætlun sinni og fer reglulega yfir hana með landsliðsþjálfara/landsliðsnefnd.

Verkefni 2018-2021

Hér eru upptalin þau verkefni sem stefnt er að ef fjárhagur leyfir og keppendur hafa sýnt árangur sem uppfyllir skilyrði til þátttöku í erlendum verkefnum. Verkefni geta fallið niður ef ekki er til nægilegt fjármagn.

Verkefni 2018

Tvö opin mót á norðurlöndum é é é é é é é é é é é é é é é é . 900 þús.
Norðurlandameistaramót, í Finnlandi é é é é é é é é é é é é é é é .. 2.000 þús.
Evrópumeistaramót unglinga, í febrúar í Rússlandi, 2-4 keppendur é é é é é é . 0 þús.
Evrópumeistaramót fullorðinna, í maí í Serbíu, 1-4 keppendur é é é é é é . 500 þús.
Heimsmeistaramót fullorðinna, í október í Madrid, é é é é é é é é é é . 500 þús.
Smáþjóðamót Evrópu í karate í september í San Marino é é é é é é é é é .. 2.000 þús.
Opin mót í Evrópu 1-4 keppendur é é é é é é é é é é é é é é é 1.500 þús.
Reykjavík International Games í Karate é é é é é é é é é é é é é é .. 800 þús.
Áætlaður heildarkostnaður fyrir 2018 er é é é é é é é é é é é é é é . 8.200 þús.

Verkefni 2019

Tvö opin mót á norðurlöndum é é é é é é é é é é é é é é é é . 900 þús.
Norðurlandameistaramót, Litháen é é é é é é é é é é é é é é é 2.500 þús.
Evrópumeistaramót unglinga, í febrúar, 2-4 keppendur é é é é é é é é é . 800 þús.
Evrópumeistaramót fullorðinna, í maí í Spáni, 1-4 keppendur é é é é é é é .. 700 þús.
Smáþjóðamót Evrópu í karate í október é é é é é é é é é é é é é é 2.000 þús.
Opin mót í Evrópu 1-4 keppendur é é é é é é é é é é é é é é é 1.500 þús.
Reykjavík International Games í Karate é é é é é é é é é é é é é é .. 800 þús.
Heimsmeistaramót ungmenna í október é é é é é é é é é é é é é é .. 700 þús.
Áætlaður heildarkostnaður fyrir 2019 er é é é é é é é é é é é é é é . 9.200 þús.

Verkefni 2020

Tvö opin mót á norðurlöndum é é é é é é é é é é é é é é é é . 1.000 þús.
Norðurlandameistaramót, Noregi é é é é é é é é é é é é é é é 2.500 þús.
Evrópumeistaramót unglinga, í febrúar, 2-4 keppendur é é é é é é é é é . 800 þús.
Evrópumeistaramót fullorðinna, í maí, 1-4 keppendur é é é é é é é é é . 800 þús.
Smáþjóðamót Evrópu í karate í október é é é é é é é é é é é é é é 2.500 þús.
Heimsmeistaramót fullorðinna, í október, é é é é é é é é é é é é é 800 þús.
Opin mót í Evrópu 1-4 keppendur é é é é é é é é é é é é é é é 1.500 þús.
Reykjavík International Games í Karate é é é é é é é é é é é é é é .. 900 þús.

Karatesamband Íslands

Áætlaður heildarkostnaður fyrir 2020 er é é é é é é é é é é é é é é é é . 10.800 þús.

Verkefni 2021

Tvö opin mót á norðurlöndum é é é é é é é é é é é é é é é é . 1.000 þús.

Norðurlandameistaramót, é é é é é é é é é é é é é é é é . 2.800 þús.

Evrópumeistaramót unglunga, í febrúar, 2-4 keppendur é é é é é é é é é . 1.000 þús.

Evrópumeistaramót fullorðinna, í maí í Spáni, 1-4 keppendur é é é é é é é . 800 þús.

Smáþjóðamót Evrópu í karate í október é é é é é é é é é é é é é é é . 2.500 þús.

Opin mót í Evrópu 1-4 keppendur é é é é é é é é é é é é é é é . 1.500 þús.

Reykjavík International Games í Karate é é é é é é é é é é é é é . 1.000 þús.

Heimsmeistaramót ungmenna í október é é é é é é é é é é é é é . 800 þús.

Áætlaður heildarkostnaður fyrir 2021 er é é é é é é é é é é é é é é é . 11.400 þús.

Fjármögnun

Landsliðsverkefni eru fjármögnuð með afreksstyrkjum frá Afrekssjóði ÍSÍ, með Lottó tekjum, af öðrum tekjum sambandsins og með styrkjum frá styrktaraðilum. Einnig greiða keppendur hluta kostnaðar við hverja ferð.

Fagteymi

Vegna smæðar sambandsins er ekki starfandi fagteymi hjá Karatesambandinu. Sambandið mun aðstoða keppendur með að útvega sjúkrapjálfa og íþróttasálfræðing eftir þörfum. Stefnt er að því að nýta sameiginlegt teymi ÍSÍ þegar því verður komið á fót.

Endurmat

Landsliðsþjálfari/landsliðsnefnd skilar stjórn KAÍ skýrslu á ári hverju þar sem síðasta ár er skoðað með tilliti til árangurs, eftirfylgni og áætlana. Landsliðsnefnd og stjórn meta stöðuna og halda eða breyta áætlunum hverju sinni.

Aðilar og ábyrgð

Stjórn KAÍ hefur alla umsjón og ber ábyrgð á afreksstefnu sambandsins. Beinir aðilar að afreksstefnunni eru: Stjórn KAÍ, landsliðsnefnd, sérþjálfarar, karatefélögin og keppendur. KAÍ skal kynna keppendum hlutverk þeirra og væntingar sem gerðar eru til þeirra sem valdir eru í landslið sambandsins. KAÍ skal vinna að því að virkja það fólk sem kemur að afreksstefnunni, til að vinna jafnframt með hóp ungra og uppnemandi afreksmanna.

Samþykkt á Karateþingi 24. Febrúar 2018.

REGLUGERÐIR

REGLUR UM ÍSLANDSMEISTARAMÓT Í KARATE.

Almennar reglur.

Karatesamband Íslands

1. gr. Íslandsmeistaramót í Karate skal vera fimmskipt, Kata og Kumite fullorðinna, Kata og Kumite unglunga og Kata barna. Framkvæmdaraðili skal vera Mótanefnd KAÍ. Ef mótanefnd er ekki skipuð skal formaður KAÍ, varaformaður og gjaldkeri skipa nefndina.
2. gr. Íslandsmeistaramót unglunga í Kumite skal haldið í október og Íslandsmeistaramót fullorðinna í Kumite skal haldið í nóvember ár hvert. Íslandsmeistaramót fullorðinna í Kata skal haldið í mars ár hvert. Íslandsmeistaramót barna í Kata skal haldið í mars eða apríl ár hvert. Íslandsmeistaramót unglunga í Kata skal haldið í mars eða apríl ár hvert. Ef sérstaklega stendur á getur mótanefnd eða stjórn KAÍ breytt mótstíma frá því sem að ofan greinir. Mótanefnd er heimilt að fela einstökum félögum að halda utan um framkvæmd einstakra móta, s.s. að útvega aðstöðu, starfsfólk o.s.frv.
3. gr. Tilkynna skal dagsetningu mótanna og dagskráratriði þeirra með minnst 14 daga fyrirvara til allra karatefélaga og -deilda innan ÍSÍ. Þar skal m.a. taka fram þátttökugjald. Þátttökutilkynningar skulu berast frá félögunum eigi síðar en 4 dögum fyrir mótið, en þó getur mótanefnd ákveðið að hafa þann tíma annan. Greiðsla þátttökugjalda, eða staðfesting greiðslu, skal fylgja tilkynningum félaganna.
4. gr. Þá daga sem Íslandsmeistaramótin fara fram má ekki stofna til annarrar opinberrar karatekeppni.
5. gr. Mótanefnd eða stjórn KAÍ hefur heimild til þess að takmarka fjölda keppenda í hverri grein og þá jafnframt að kveða á um hámarksfjölda keppenda frá hverju félagi í hverri grein. Það skulu þó aldrei vera færri en tveir í einstaklingsgreinum. Dómaranefnd skal skipa aðaldómara á komandi móti og skal mótanefnd tilgreina hann í tilkynningu til félaganna.

Starfsfólk.

6. gr. Á hverjum velli skulu vera kynnir, ritari, aðstoðarmaður ritara, tímavörður og vallarstjóri. Ef keppt er á tveimur eða fleiri völlum á móti skal tilnefna yfirdómara og mótsstjóra. Þeir sjá um að framkvæmd móts gangi hratt og vel fyrir sig. Á kumitemótunum skal vera læknir eða hjúkrunarfræðingur til staðar. Hvert þátttökufélag er skylt að tilnefna 1 starfsmann fyrir hverja 10 keppendur eða hluta af þeim fjölda og a.m.k. einn dómara með tilskilin réttindi viðurkennd af KAÍ. Starfsmenn og keppendur skulu bera einkennismerki og keppnissvæðið skal afgirt frá áhorfendum. Á Íslandsmeistaramótum barna- og unglunga skal hvert félag tilnefna liðsstjóra sem aðstoðar starfsfólk mótsins við að halda reglu á mótinu. Mótanefnd er heimilt að sekta félög eftir 15. gr. ef þau vanrækja að tilnefna starfsfólk, halda liðsstjóra eða tilnefna dómara.

Keppendur.

7. gr. Keppendur á Íslandsmeistaramótum barna- og unglunga skulu vera komnir á mótsstað a.m.k. 30 mínútum áður en keppni hefst, en á Íslandsmeistaramótum fullorðinna skulu keppendur vera komnir á mótsstað a.m.k. 30 mínútum áður en keppni hefst í þeirra keppnisflokki. Sé

Karatesamband Íslands

Íslandsmeistaramót barna eða unglunga mjög fjölmennt getur mótanefnd skipt því upp í 2 hluta og þurfa þá keppendur að vera komnir á mótsstað a.m.k. 30 mínútum áður en keppni hefst í þeirra hluta. Til að öðlast þátttökurétt á kumitemóti þarf að standast viktun í viðkomandi þyngdarflokki. Að jafnaði er viktað kvöld fyrir mót. Þeir sem ekki standast skráða vikt öðlast ekki þátttökurétt.

Keppnin.

8. gr. Í upphafi móts kallar aðaldómari saman aðra dómara, heldur dómarafund og skipar þá í stöður.

9. gr. Á Íslandsmeistaramóti fullorðinna í Kata skal keppt í eftirfarandi greinum:

Kata kvenna.

Kata karla.

Hópkata kvenna (3ja kvenna sveitir).

Hópkata karla (3ja manna sveitir).

Á Íslandsmeistaramóti fullorðinna í Kumite skal keppt í eftirfarandi greinum:

Kumite kvenna, -61 kg.

Kumite kvenna, +61 kg.

Kumite kvenna, opinn flokkur.

Kumite karla, -60 kg.

Kumite karla, -67 kg.

Kumite karla, -75 kg.

Kumite karla, -84 kg.

Kumite karla, +84 kg

Kumite karla, opinn flokkur.

Liðakeppni karla (3 manna sveitir).

Liðakeppni kvenna (3 kvenna sveitir).

Á Íslandsmeistaramóti unglunga í Kumite skal keppt í eftirfarandi greinum:

Kumite pílta 12 ára.

Kumite pílta 13 ára.

Kumite pílta 14 og 15 ára -63 kg*.

Kumite pílta 14 og 15 ára +63 kg*.

Kumite pílta 16 og 17 ára -68 kg*.

Kumite pílta 16 og 17 ára +68 kg*.

Kumite stúlkna 12 og 13 ára.

Kumite stúlkna 14 og 15 ára -54 kg*.

Kumite stúlkna 14 og 15 ára +54 kg*.

Karatesamband Íslands

Kumite stúlkna 16 og 17 ára -59 kg*.

Kumite stúlkna 16 og 17 ára +59 kg*.

* ef fjöldi keppenda leyfir skiptingu.

Á Íslandsmeistaramóti unglunga í Kata skal keppt í eftirfarandi greinum:

Kata stúlkur 12 ára.

Kata stúlkur 13 ára.

Kata stúlkur 14 ára.

Kata stúlkur 15 ára.

Kata stúlkur 16 og 17 ára.

Kata piltar 12 ára.

Kata piltar 13 ára.

Kata piltar 14 ára.

Kata piltar 15 ára.

Kata piltar 16 og 17 ára.

Hópkata táninga 12 og 13 ára.

Hópkata táninga 14 og 15 ára.

Hópkata táninga 16 og 17 ára.

Á Meistaramóti barna í Kata skal keppt í eftirfarandi greinum:

Kata barna 8 ára og yngri.

Kata stúlkna 9 ára.

Kata stúlkna 10 ára.

Kata stúlkna 11 ára.

Kata pilta 9 ára.

Kata pilta 10 ára.

Kata pilta 11 ára.

Hópkata barna 9 ára og yngri.

Hópkata barna 10 og 11 ára.

Á meistaramótum barna og unglunga skal miðað við fæðingarár. Þar skulu keppendur hafa æft karate í 1. ár hið minnsta. Í hópkata skal sveit keppa í þeim aldursflokki sem elsti keppandi sveitar skyldi keppa í. Barnamótið er fyrir börn 11 ára og yngri en unglingamótið fyrir 12 til 17 ára. Lágmarksaldur keppenda á mótum fullorðinna skal vera 16 ára í kata og í þyngdarflokki í kumite en 18 ára í öðrum flokki í kumite og í liðakeppni í kumite, miðað skal við fæðingarár. Tilgreina þarf nöfn þeirra keppenda sem taka þátt í hópkata eða liðakeppni í kumite og í hvaða liði viðkomandi er ef hans þátttökufélag sendir fleiri en eitt lið í viðkomandi grein.

10. gr. Íslandsmeistaraverðlaun skulu vera fyrir 1. sæti, verðlaunagripur eða gylltur peningur, fyrir annað sæti silfurlitaður peningur og það þriðja bronslitaður peningur. Þegar keppt er eftir uppreisnarfyrirkomulagi er ekki keppt um 3ja sæti heldur skal veita tvenn bronsverðlaun. Ef keppendur eru 3 keppa allir við alla. Veitt eru gull, silfur og bronsverðlaun fyrir 1. í 3. sæti. Sigurvegari er sá sem hefur flesta bardagasigra. Ef tveir eða fleiri keppendur hafa sama fjölda sigra er sigurinn þess keppanda sem sigraði innbirgðisviðureign þeirra. Ef enn er jafnt sigrar sá sem hefur skorað flest stig úr bæði sigur- og tapbardögum. Íslandsmeistarar í sveitakeppnum fá auk þess til varðveislu farandbikar í eitt ár. Á meistaramótum barna og unglunga skal verðlauna það félag sem fær flest stig með farandbikar til varðveislu en einnig annan minni áritaðan til eignar.

11. gr. Á Íslandsmeistaramótum í kata skal keppt eftir útsláttarfyrikomulagi. Keppt skal eftir keppnisreglum WKF þar sem því verður við komið. Á Íslandsmeistaramóti unglunga í kata mega keppendur í flokkum pilta og stúlkna, 13 ára og yngri, sýna sömu kata aftur. Það sama á við um keppendur á Íslandsmeistaramóti barna í kata. Keppa skal til úrslita til að ákvarða fyrsta og annað sæti en tveir keppendur geta verið í þriðja sæti. Ef ekki skrá sig til leiks fleiri en tveir keppendur eða lið, fellur keppni niður í þeirri grein. Keppanda í þeim flokki er þá heimilt að keppa í næsta flokki fyrir ofan í þyngd eða aldri.

12. gr. Á Íslandsmeistaramótum í kumite skal keppt eftir útsláttarfyrikomulagi, en þó er mótanefnd heimilt að ákveða að láta keppa í riðlum, allir við alla, en það skal þá koma skýrt fram í mótstilkynningu. Ef keppendur eru þrír skulu allir keppa við alla. Keppni um þriðja sætið skal hagað þannig að þeir sem töpuðu fyrir þeim sem komast í úrslit keppa um það, þó getur mótanefnd ákveðið að hafa annan hátt á. Sömu reglur gilda um liðakeppnina, nema mótanefnd ákveðið að láta liðin keppa innbyrðis eftir öðrum reglum.

13. gr. Í þeim tilfellum sem mótanefnd getur ákveðið að hafa annan hátt á en um getur hér að ofan eða í alþjóðlegum reglum, þá skal félögunum tilkynnt það í mótstilkynningu eða í síðasta lagi sex dögum fyrir mótið.

Kæur, fundir, úrslit og skýrslur.

14. gr. Mótanefnd skal sjá um að fáanlegar séu skriflegar upplýsingar um úrslit mótsins, í síðasta lagi daginn eftir mótið. Skýrslu um mótið skal senda stjórn KAÍ innan mánaðar eftir að mótinu lýkur.

15. gr. Kæur um framkvæmd móts eða ákvarðanir mótanefndar varðandi mótin, skulu berst mótanefnd í síðasta lagi 48 tímum eftir lok móts. Kæur skulu vera skriflegar. Kæur varðandi atvik, sem eiga sér stað fyrir mót skulu afgreiddar þegar í stað og eigi síðar en sólarhring síðar. **Eyðublað fyrir kæru á móti.** Mótanefnd skal jafnóðum taka afstöðu til kæra sem berst á eða fyrir mót og geta varðað úrslit eða lögmæti mótsins. Mótanefnd skal annars taka afstöðu til kæra innan viku frá því að kæra berst. Kærandi skal skýrt frá úrlausn mótanefndar munnlega, en kærandi getur óskað eftir skriflegri niðurstöðu mótanefndar. Niðurstaða í úrlausn mótanefndar skal stuttlega rökstudd, þó er

ekki þörf ítarlegs rökstuðnings varðandi kærur sem afstaða er tekin til á mótunum sjálfum, nægir þá oft að vísa til lagaákvæðis. Úrlausnir mótanefndar eru kærarlegar til dómstóls ÍSÍ í viku eftir að kæranda berst vitneskja um niðurstöðu mótanefndar.

16. gr. Mótanefnd er heimilt að sekta þau félög sem ekki senda starfsmenn, dómara eða liðsstjóra á mót samkvæmt reglum þessum. Sektir geta verið allt að fimmföld upphæð samanlagðs þátttökugjalds fyrir alla keppendur sem skráðir eru frá félaginu. Mótanefnd er heimilt að meina þeim félögum að taka þátt á móti er inna eigi sektir af hendi þegar þeirra er krafist. Sama er að segja um næsta eða næstu mót ef sektin er eigi greidd áður.

17. gr. Kærur varðandi agabrot á mótum skulu berast aganefnd KAÍ. Aðaldómara er skylt að gera skriflega skýrslu um þau agabrot, er hann verður var við og senda aganefnd innan 14 daga frá því að móti lauk. Öðrum dómurum á mótinu er skylt að tilkynna aðaldómara um slík brot, sem þeir verða varir við og skila skýrslu um þau til hans í mótslok. Í skýrslu um agabrot skal tilgreina nafn hins brotlega, félag, stað, tíma og í hverju agabrotið er fólgið, einnig skal nefna vitni ef einhver eru.

18. gr. Ekki má mótmæla dómi við dómara. Ef dómaragjörð virðist brjóta gegn reglunum, hafa formaður viðkomandi félags eða liðstjóri keppanda einir rétt til að mótmæla. Mótmælin verða að berast til Yfirdómara viðkomandi móts. Þegar þar að kemur, mun dómaranefnd KAÍ fara yfir aðstæður sem leiddu til mótmælanna. Eftir að hafa tekið tillit til allra staðreynda sem fyrir liggja munu þeir skila skýrslu til stjórnar KAÍ og viðkomandi aðila.

19. gr. Í úrslitum eftir mót er mótanefnd skylt að birta úrslit móts með stigagjöf félaga, þannig að félag fær 3 stig fyrir 1 sæti, 2 stig fyrir 2 sæti og 1 fyrir 3 sæti. Fyrir liðakeppni í kata og kumite skal reikna tvöföld stig fyrir hvert sæti.

20. gr. Að öðru leiti gilda reglur WKF um Íslandsmeistaramót KAÍ.

21. gr. Ef eitthvert félag óskar þess, þá skal halda fund á næstu dögum eftir mót, þar sem rætt er um úrslit, framkvæmd, kærur og úrbætur mótsins.

Félagaskipti.

22. gr. Félagaskipti skal tilkynna KAÍ skriflega með ábyrgðarbréfi eða öðrum sannanlegum hætti. Tilkynning þessi skal undirrituð af þeim sem óskar félagaskipta eða forráðamanni hans. Félagaskipti geta einungis tekið gildi tvisvar á ári. Tilkynningar sem sannanlega berast á tímabilinu frá og með 1. janúar til 31. ágúst árlega taka gildi frá og með 1. september og tilkynningar sem berast á tímabilinu frá og með 1. september til 31. desember taka gildi frá og með 1. janúar. Tilkynningar sem ekki uppfylla ofangreind skilyrði, eru t.d. ekki skriflegar eða undirritun félagsans/forráðamannsins skortir, skulu ekki teknar gildar fyrr en úr hefur verið bætt með sannanlegum hætti. Með tilkynningum félaganna um þátttakendur á mót skal fylgja tilkynning um öll félagaskipti sem átt hafa sér stað á undangengnu tímabili, og ekki er þegar búið að tilkynna um.

Samþykkt á 8. Karateþingi 19. mars 1991.

Síðast breytt af stjórn KAÍ 20. nóvember 2017.

REGLUR UM FÉLAGSSKIPTI

1. Hlutgengi.

Hlutgengur til þátttöku í mótum á vegum KAÍ er hver sá aðili sem er félagsbundinn í félagi innan KAÍ og uppfyllir að öðru leyti hlutgengisreglur ÍSÍ á hverjum tíma.

2. Almennt um félagsskipti

Öll félagsskipti, 14 ára og eldri, skal tilkynna KAÍ skriflega á þar til gert eyðublað. Félagaskipti geta einungis tekið gildi tvisvar á ári. Tilkynningar sem sannanlega berast á tímabilinu frá og með 1. janúar til 31. ágúst árlega taka gildi frá og með 1. september og tilkynningar sem berast á tímabilinu frá og með 1. september til 31. desember taka gildi frá og með 1. janúar.

3. Framkvæmd félagaskipta

3.1 Öll félagaskipti skulu fara fram á þar til gerðu eyðublaði útgefnu af KAÍ. **Eyðublað fyrir Félagsskipti** skal undirritað af viðkomandi félagsmanni, félagi sem gengið er úr og félagi sem gengið er í. Undirritun fulltrúa félagsdeildar sem gengið er úr staðfestir að viðkomandi félagsmaður hafi engar skuldbindingar við sitt fyrra félag. Hafi félagsmaður einhverjar skuldbindingar við sitt fyrra félag er því félagi heimilt að hafna félagsskiptunum. Tilkynningar sem ekki uppfylla ofangreind skilyrði, eru t.d. ekki skriflegar eða undirritun félags/forráðamannsins skortir, skulu ekki teknar gildar fyrr en úr hefur verið bætt með sannanlegum hætti.

3.2 Stjórn KAÍ er ekki heimilt að staðfesta félagsskipti fyrr en undirskriftir umsækjenda og staðfesting félaga sem hlut eiga að máli liggur fyrir. Þegar stjórn KAÍ hefur staðfest félagaskiptin öðlast viðkomandi aðili keppnisheimild með sínu nýja félagi. Upplýsingar um félagaskipti skulu birtar á heimsíðu KAÍ þegar þau hafa verið samþykkt.

4. Úrskurðar- og umsagnaraðili

Stjórn KAÍ er úrskurðaaðili í deilum sem upp koma varðandi félagaskipti. Úrskurði geta aðilar áfrýjað til dómstóls ÍSÍ. Að öðru leyti en að framan greinir vísast til almennra reglna ÍSÍ um móta- og keppendareglur sem í gildi eru á hverjum tíma.

Samþykkt á karateþingi 22. febrúar 2014

REGLUR UM BIKARMÓT Í KARATE.

Almennar reglur.

1. gr. Árlega skal halda Bikarmót KAÍ í kumite og kata. Hvert bikartímabil er almanaksárið. Bikarmótinu skal skipta í einn, tvo, þrjá eða fjóra hluta fyrirfram. Keppt skal í tveimur flokkum í hverjum hluta mótsins í kumite, opnum flokki kvenna og opnum flokki karla og tveimur flokkum í kata, flokki karla annars vegar og flokki kvenna hins vegar.

Karatesamband Íslands

2. gr. Eftir hvern hluta skal gefa 10 stig fyrir fyrsta sæti, 8 stig fyrir annað sæti, 6 stig fyrir tvö þriðjasæti og 3 stig fyrir að tapa bardaga um þriðja sæti. Ef keppendur eru 3 keppa allir við alla og skal gefa 10 stig fyrir fyrsta sæti, 8 stig fyrir annað sæti og 6 stig fyrir þriðja sæti. Ef einungis einn keppandi mætir í tilteknum flokki skal hann fá 10 stig, enda hafi hann farið ósigraður frá mót. Hægt er að keppa bæði í kata og kumite og leggjast þá stigin úr greinunum tveim saman. Eftir að öllum Bikarmótum tímabilsins er lokið skulu stigahæsta konan og stigahæsti karlinn í samanlögðum greinum verða útnefnd Bikarmeistarar KAÍ. Þeim tveimur sem koma næst þeim að stigum í flokki karla og flokki kvenna skal veita önnur og þriðju verðlaun. Séu tveir einstaklingar jafnir að stigum í lok bikarkeppninnar vinnur sá er oftast var í fyrsta sæti. Sé enn jafnt vinnur sá er oftast hefur verið í öðru sæti og svo framvegis.

3. gr. Lágmarksaldur keppenda á bikarmótum skal vera 16 ár og skal miða við fæðingarár. Mótanefnd hefur heimild til að veita undanþágur frá aldursreglu.

4. gr. Hverju þátttökufélagi er skylt að tilnefna 1 starfsmann fyrir hverja 10 keppendur eða hluta af þeim fjölda og a.m.k. einn dómara með tilskilin réttindi viðurkennd af KAÍ.

5. gr. Að öðru leyti skal fylgja reglugerð um Íslandsmeistaramót í Karate.

Samþykkt af stjórn KAÍ í ágúst 2017.

REGLUR UM GRAND PRIX MÓT Í KARATE.

Almennar reglur.

1. gr. Árlega skal halda Grand Prix mót KAÍ í kumite og kata. Hvert tímabil er almanaksárið. Grand Prix mótinu skal skipta í einn, tvo, þrjá eða fjóra hluta fyrirfram. Keppt skal í hverjum hluta mótsins í kata og kumite. Grand Prix mót eru fyrir unglunga 12 til 17 ára og skal miðað við fæðingarár.

2. gr. Á Grand Prix mót í Karate skal keppt í eftirfarandi greinum:

Kata stúlkna 12 ára.

Kata stúlkna 13 ára.

Kata stúlkna 14 og 15 ára.

Kata stúlkna 16 og 17 ára.

Kumite telpna 12 og 13 ára.

Kumite stúlkna 14 og 15 ára.

Kumite stúlkna 16 og 17 ára.

Kata pilta 12 ára.

Kata pilta 13 ára.

Kata pilta 14 og 15 ára.

Kata pilta 16 og 17 ára.

Kumite pilta 12 ára.

Kumite pilta 13 ára.

Kumite pilta 14 ára.

Kumite pilta 15 ára.

Kumite pilta 16 og 17 ára.

3. gr. Skrá og greiða þarf þátttökugjald fyrir hvern keppanda. Keppendur keppa í sama flokki alla mótaröðina og skal miðað við fæðingarár í upphafi mótaraðar. Skráningu skal vera lokið 7 dögum fyrir mót og skal skrá fæðingarár og þyngd. Mótanefndin getur skipt upp stórum flokkum eða breytt flokkum í þyngdarflokka innan t.d. tveggja ára.

4. gr. Eftir hvern hluta skal gefa 10 stig fyrir fyrsta sæti, 8 stig fyrir annað sæti, 6 stig fyrir tvö þriðju sæti, 3 stig fyrir að tapa bardaga um þriðja sæti. Ef keppendur eru 3 keppa allir við alla og skal gefa 10 stig fyrir fyrsta sæti, 8 stig fyrir annað sæti og 6 stig fyrir þriðja sæti. Ef einungis einn keppandi mætir í tilteknum flokki skal hann fá 10 stig, enda hafi hann farið ósigraður frá móti. Veitt eru verðlaun fyrir fyrsta sæti, annað sæti og tvö þriðju sæti á hverju móti. Eftir að öllum Grand Prix mótum tímabilsins er lokið skal þremur stigahæstu keppendunum í hverri grein veitt verðlaun. Séu tveir einstaklingar jafnir að stigum í lok Grand Prix keppninnar vinnur sá er oftast var í fyrsta sæti. Sé enn jafnt vinnur sá er oftast hefur verið í öðru sæti og svo framvegis.

5. gr. Mótanefnd KAÍ sér um framkvæmd Grand Prix móta KAÍ. Mótanefnd er heimilt að fela einstökum félögum að halda utan um framkvæmd einstakra móta, s.s. að útvega aðstöðu, starfsfólk o.s.frv.

6. gr. Hverju þátttökufélagi er skylt að tilnefna 1 starfsmann fyrir hverja 10 keppendur eða hluta af þeim fjölda og a.m.k. einn dómara með tilskilin réttindi viðurkennd af KAÍ.

7. gr. Að öðru leyti skal fylgja reglugerð um Íslandsmeistaramót í Karate.

Samþykkt af stjórn KAÍ í ágúst 2017.

REGLUR UM KARATEDÓMARA.

Almennar reglur.

1. gr. Dómaranefnd KAÍ, skipuð þremur hæfum mönnum af stjórn KAÍ til eins árs í senn ákveður réttindi dómara. Dómaranefnd skal úthluta dómurum réttindi eftir getu og þekkingu þeirra, bæði í kata og kumite, fyrst sem B-meðdómari, þá A-meðdómari, B-dómari og loks A-dómari. Karatedómari nefnist sá sem hefur bæði A-dómararéttindi í kata og kumite. Nefndin skal halda dómaranámskeið a.m.k. einu sinni á ári og gefur dómaraefnum færi á að þreyta próf til réttinda. Prófið skal vera bæði verklegt og skriflegt. Dómarar, sem hljóta réttindi skv. reglum þessum, skulu ganga framur þeim dómurum, sem minni réttindi hafa eða engin. A-meðdómarar hafa rétt til þess að vera aðaldómarar á innanfélagsmótum og meðdómarar á héraðsmótum. B-dómarar hafa rétt til að vera aðaldómarar á héraðsmótum og meðdómarar á Íslandsmeistara-mótum. A-dómarar skulu vera aðaldómarar á Íslandsmeistaramótum. Héraðsmót kallast mót þar sem keppendur koma úr fleiri en einu félagi.

Karatesamband Íslands

2. gr. Til að öðlast réttindi sem Karatedómari þarf viðkomandi að hafa 1. Dan gráðu eða hærri og að vera orðinn 22 ára.

Dómari í kata og kumite þarf að vera með 1. kyu gráðu eða hærri og orðinn 18 ára.

Meðdómari í kata og kumite þarf að vera með 3. kyu gráðu eða hærri og orðinn 16 ára.

3. gr. Öll dómararéttindi gilda í þrjú ár en halda verður þeim við með því að sækja námskeið og dæma reglulega á mótum á vegum KAÍ. Dómarar þurfa að dæma minnst tvisvar á ári og meðdómara einu sinni á ári til að halda kata og kumite réttindum sínum.

Dómarnefnd má uppfæra réttindi úr B í A án þess viðkomandi farið í nýtt próf ef hann hefur dæmt reglulega og staðið sig á A-stigi.

Til að standast skriflegt próf þarf yfir 90% rétt svör til að ná dómararéttindum og yfir 80% rétt svör til að ná meðdómararéttindum.

Einnig þarf að standast verklegt próf að mati dómaranefndar.

Kata-dómari þarf einnig að kunna eina algenga keppniskata úr sínum stíl og eina algenga keppniskata og grunnkata úr öðrum stíl. Kata-meðdómari þarf að kunna algenga keppniskata úr sínum stíl og eina grunnkata úr öðrum stíl.

Samþykkt af stjórn KAÍ 5. mars 2015

FERÐAREGLUR KAÍ

Reglur í keppnisferðum Karatesamband Íslands

Keppendur

1. Keppendur í ferð á vegum Karatesamband Íslands (KAÍ) skulu í hvívetna sýna góða hegðun, almenna kurteisi og vera landi og þjóð til sóma.
2. Keppendur skulu ávallt sýna íþróttamannslega framkomu jafnt utan sem innan vallar.
3. Keppendur skulu lúta þeim reglum sem fararstjórar og þjálfarar setja, enda miða þær að því að skapa góða ímynd, ná árangri og efla liðsheild.
4. Keppendur skulu umgangast ferðaföt KAÍ af virðingu.
5. Keppendur bera ábyrgð á persónulegum eigum sínum. Óski keppendur eftir að koma með dýr raftæki er það á þeirra ábyrgð en keppandi skal virða þá takmörkun á notkun á slíkum tækjum sem fararstjóri setur.
6. Keppendur, fararstjórar og þjálfarar skulu kappkosta að hafa heilbrigt lífverni í fyrirrúmi á ferðalögum, þar með talið hvað varðar svefn og næringu.
7. Keppendum er bannað að neyta áfengis, tóbaks eða annarra vímuefna í keppnisferðum á vegum KAÍ. Íslensk lög gilda í keppnisferðum um neyslu ávana- og fíkniefna.
8. Keppendur skulu ávallt halda hópinn á meðan á ferð stendur nema með leyfi fararstjóra. Foreldrar/forráðamenn keppenda geta ekki tekið keppanda út úr hópnun, nema með leyfi fararstjóra.

Karatesamband Íslands

9. Allir eiga að vera komnir í ró kl. 22 á kvöldin. Keppendum ber að ganga vel um gististaði á ferðum, ganga hljóðlega um og gæta þess að raska ekki ró annarra með hávaða og illri umgengni.
10. Einungis foreldrum sem eru fararstjórar er heimilt að gista á gististað keppenda.
11. Ef keppandi hefur einhverjar sérþarfir, s.s. hefur ofnæmi, er með svefnvandamál eða þarf að taka lyf skal fararstjóri látinn vita fyrir brottför.
12. Ef keppandi verður uppvís að broti á þessum reglum er heimilt að senda hann heim á kostnað keppandans.

Fararstjórar

1. Fararstjóri ber ábyrgð á sínum hópi og því skal hlýða honum.
2. Fararstjórar skulu almennt vera til fyrirmyndar varðandi hegðun og snyrtimennsku.
3. Fararstjóri ræður tilhögun ferðar.
4. Einungis er ferðast með landslið KAÍ í faratækjum með viðurkenndum öryggisbúnaði og skal fararstjóri sjá um að farið sé að settum reglum og slíkur búnaður notaður.
5. Fararstjórum og þeim sem aka með iðkendur í einkabifreiðum er óheimilt að neyta áfengis sólarhring áður en ferð hefst og þar til henni er lokið.
6. Fararstjórum, dómurum og þjálfurum er óheimilt að neyta tóbaks í ferð þannig að keppendur sjái.

Þjálfarar

1. Þjálfarar annast alla faglega þátt sem tengjast keppendum og keppninni sjálfri. Kynna keppendum skipulag keppni og æfinga og sjá til þess að þeir séu stundvísir. Þeir leita til fararstjóra ef þörf krefur.
2. Þjálfarar skuli ávalt vinna í samráði við fararstjóra, sem hefur lokaorðið ef kemur upp ágreiningur.
3. Þjálfari ber ásamt fararstjóra, ábyrgð á keppendum utan vallar sem innan, á ferðalagi sem dvalarstað. Saman skipuleggja þeir matartíma, frjálstan tíma, ferðalög og annað.
4. Þjálfari yfirfer búninga keppenda með góðum fyrirvara.
5. Þjálfarar skulu í framkomu sinni og athöfnum vera góð fyrirmynd keppendum.

Dómarar

1. Dómarar skulu með framkomu sinni og athöfnum skapa góða ímynd útávið.
2. Dómarar sem sendir eru á mót á vegum KAÍ, aðstoða þjálfara og fararstjóra með hópinn.

Almennt um ferðir á vegum Karatesamband Íslands

1. Leitast skal við að keppendur af sitt hvoru kyni gisti í aðskildu rými og að fararstjóri sem gisti með keppendum sé af sama kyni og þeir.
2. Landsliðsnefnd ákveður fjölda fararstjóra og skal taka mið af tegund ferðar, aldri keppenda, ferðareynslu, áfangastað og öðru sem gæti haft áhrif á fjöldann.
3. Leitast skal við að tilkynna um fyrirhugaða ferð erlendis með 2 mánaða fyrirvara.
4. Landsliðsnefnd annast skipulagningu og framkvæmd við undirbúning ferða KAÍ í samráði við stjórn. Reglur þessar eru settar til að stuðla að bættum liðsanda og svo öllum hlutaðeigandi aðilum sé ljóst hvert hlutverk þeirra og ábyrgð eru og skulu þær kynntar öllum keppendum, foreldrum og fararstjórum áður en haldið er í keppnisferð.

Samþykkt á karateþingi 24. febrúar 2018.

REGLUR UM HEIÐURSVIÐURKENNINGAR

HEIÐURSVIÐURKENNINGAR KAÍ

1. Heiðursmerki.

1. Gullmerki KAÍ
2. Silfurmerki KAÍ
3. Borðfáni KAÍ

Gull- og silfurmerki KAÍ eru barmmerki með einföldu merki Karatesambandsins eins og það er á hverjum tíma í gulli eða silfri.

Borðfáni KAÍ er merki KAÍ á hvítum fleti og stofndagur KAÍ, 28. febrúar 1985, skráð fyrir neðan. Fáninn er tvöfaldur með kögri og snúru. Borðfáninn skal vera á stöng þegar hann er veittur.

2. Viðurkenningar

Gullmerki KAÍ skal einkum veitt einstaklingum sem um lengri tíma hafa unnið afburðagott starf fyrir karatehreyfinguna.

Silfurmerki KAÍ skal veita þeim sem unnið hafa framúrskarandi gott starf að málefnum karatehreyfingarinnar.

Borðfáni KAÍ skal veita félögum, einstaklingum og þeim samstarfsaðilum sem stjórn KAÍ ákveður hverju sinni.

3. Heiðranir

Stjórn KAÍ ákveður á stjórnarfundum, þar sem öll stjórnin er mætt, hverja skuli sæma heiðursmerki á ári hverju og um veitingu heiðursmerkis verður öll stjórnin að vera sammála.

Veiting heiðursmerkja fer fram á stofndegi KAÍ, 28. febrúar, á Karateþingi eða við önnur tilefni er stjórn KAÍ ákveður.

Samþykkt af stjórn KAÍ 10. ágúst 2017

REGLUR UM BÚNINGA OG -MERKI KARATESAMBANDS ÍSLANDS.

Almennar reglur.

1. gr. Landsliðsbúninga Íslands í Karate er eingöngu heimilt að nota á landsliðsæfingum, á landsliðsferðum erlendis og þegar keppt er fyrir Íslands hönd innanlands. Í landsliðsferðum skal landsliðsfólk klæðast landsliðsbúningi.

Karatesamband Íslands

2. gr. Keppnisbúninga með Landsliðsmerki Íslands í Karate er eingöngu heimilt að nota á landsliðsæfingum, á landsliðsferðum erlendis og þegar keppt er fyrir Íslands hönd innanlands.
3. gr. Fatnað með merki Karatesambands Íslands er eingöngu heimilt að nota þegar komið er opinberlega fram fyrir hönd Karatesambandsins, innanlands sem erlendis.

Samþykkt af stjórn KAÍ, 18. mars 2011.

VERÐLISTI SAMÞYKKTUR AF STJÓRN KAÍ

Mótagjöld

ÍM Barna	Einstakl. – Lið
ÍM Unglinga	2.500 kr - 3.500 kr
ÍM Fullorðinna	2.500 kr - 3.500 kr
GrandPrix mót	4.000 kr - 6.000 kr
Bikarmót	2.500 kr fyrir hvern flokk
RIG	3.000 kr fyrir hvern flokk

Sektir *

Vantar réttindadómara / aukadómara á mót	10.000 kr / 5.000 kr
Vantar starfsmann á mót	5.000 kr
Vantar yfirliðstjóra á mót	5.000 kr
Kæra inn keppanda á mót	5.000 kr

*** Sektir verða þó aldrei meiri en fimmföld mótagjöld félags**

Greitt fyrir keppnisdýnur sem eru á staðnum:	15.000 kr
Greitt fyrir keppnisdýnur sem þarf að flytja á mótsstað:	20.000 kr auk flutningskostnaðar
Gjald fyrir kæru á móti:	10.000 kr
Lán á keppnisklukkum, flöggum, osfrv.:	0 kr
Lán á sjúkratösku:	Ekki lánuð
Greitt fyrir dómgæslu réttindadómara: Undir 4 klst mót: 5.000 kr; yfir 4 klst mót: 10.000 kr	

Þátttökukostnaður keppenda á erlendra grundu

Hlutur keppenda í Landsliðsferðum er 50 þúsund kr í hverri ferð.

Flestir keppendur/félög hafa aðgang að styrkjum frá íþróttabandalögum eða héraðssamböndum vegna ferða á stærri mót.

Samþykkt af stjórn KAÍ í desember 2017

REKSTRARREIKNINGUR KAÍ 1/1-31/12 2018

Tekjur	Skýring	1/1-31/12/18	1/1-31/12/17	breyting %
11000 Ríkisstyrkur	1	2.950.000	3.000.000	-1,7%
11000 Útbreiðslustyrkur	1	2.337.090	2.287.448	2,2%
11300 Lottó	1	3.504.589	3.432.954	2,1%
11310 Afrekssjóður ÍSí	1	5.305.000	3.200.000	65,8%
15000 Tekjur af mótum	2	2.518.596	1.770.171	42,3%
17000 Auglýsingatekjur		183.361	42.523	331,2%
22000 Árgjöld aðildarféлага		2.208.000	778.700	183,5%
29000 Aðrar tekjur	3	7.870.000	2.476.800	217,7%
Tekjur alls		26.876.636	16.988.596	58,2%
Gjöld				
31000 Laun og verktakagreiðslur	4	2.166.744	1.880.510	15,2%
37000 Áhöld og tæki	5	1.186.421	76.865	1443,5%
41000 Ferðakostn. Innanlands	6	376.162	671.359	-44,0%
42000 Ferðakostn. erlendis	7	18.757.899	7.903.541	137,3%
43000 Annar þátttökukostn.				
45000 Kostnaður við mótahald	8	3.636.232	2.341.310	55,3%
48000 Skrifstofuleiga hjá ÍSí	9	222.540	215.976	3,0%
53000 Rekstur skrifstofu	9	1.424.073	1.838.343	-22,5%
56000 Kynning, fræðsla og útbreiðsla	10	331.597		
57000 Dómarmál	10	1.355.113	1.452.576	-6,7%
65000 Önnur gjöld	11	8.186	34.336	-76,2%
70000 Erlend samskipti	12	305.065	285.069	7,0%
Rekstrargjöld alls		29.770.032	16.699.885	78,3%
Hagnaður/Tap f. afskriftir		-2.893.396	288.711	-1102,2%
Fjármagnstekjur		14.254	19.805	-28,0%
Afskriftir alls				
Hagnaður/Tap		-2.879.142	308.516	-1033,2%

Reikning þennan hef ég samið eftir hjálögðum gögnum ársins 2018
Reykjavík, 1. febrúar 2019

María Jensen, gjaldkeri KAÍ

Skýringar við rekstrarreikning

1 Framlög og styrkir

Ríkisstyrkur	2.950.000
Útbreiðslustyrkur	2.337.090
Lottó	3.504.589
Aftekssjóður	5.305.000
	14.096.679

2 Tekjur af mótum

RIG	339.096
ÍM-Barna	486.500

Karatesamband Íslands

UM-Kata	275.500
ÍM-Kata	108.000
Grand Prix 1	287.500
Grand Prix 2	295.000
Grand Prix 3	270.000
UM-Kumite	135.000
ÍM-Kumite	88.000
Bikarmót 1	78.000
Bikarmót 2	87.000
Bikarmót 3	69.000
	2.518.596
3 Aðrar tekjur	
Hluttur keppenda í landsliðsferðum	7.870.000
	7.870.000
4 Laun og verktakagreiðslur	
Landsliðsþjálfarar	1.459.000
Erlendir þjálfarar	607.744
Form. Landsliðsnefndar	100.000
	2.166.744
5 Áhöld og tæki	
Landsliðsbúningar	1.152.286
Kort í lyftingar	34.135
	1.186.421
6 Ferðakostnaður innanlands	
Gisting RIG	149.200
Gisting erlendum þjálfari	70.407
Uppihald	156.555
	376.162
7 Ferðir erlendis	
Akstur	1.202.878
Flug	10.547.917
Gisting	4.443.102
Uppihald	1.559.985
Þátttökugjöld	965.789
Annað	38.228
	18.757.899
7 Erlend mót sundurliðuð	
Ishøj Open cup	972.173
Berlin Open	884.614
Karate-A Salzburg	358.986
Kata pokalen	439.347
Amsterdam Open	786.046
Swedish Open	344.597
EM senior Serbia	104.223
Randori Þýskalandi	400.593
Youth League Serbia	454.910
Gladsaxe Open	309.547
Umag YOG úrtökumót	404.106
Finnish Open	749.716
SSEKF San Marino	7.360.157
Central England Open	1.053.236
HM senior Madrid	860.019
NM Tampere Finnlandi	2.686.496
Önnur verkefni	589.133
	18.757.899

Karatesamband Íslands

8	<i>Kostnaður við mótahald</i>	
	Verðlaunapeningar	581.340
	Dómgæsla	1.235.000
	Vallarleiga	95.000
	Akstur	173.230
	Matur	340.197
	Sjúkrakostnaður	192.601
	Sportdata	228.117
	Annað	790.747
		3.636.232
9	<i>Rekstur skrifstofu</i>	
	Skrifstofuleiga ÍSÍ	222.540
	Veitingar	84.110
	Fundir erlendis	693.738
	Tölvukostnaður	327.850
	Annað	318.375
		1.646.613
10	<i>Kynning, fræðsla , útbreiðsla</i>	
	Dómaranámskeið	80.000
	Erlendir dómarar RIG	135.531
	Flug	333.783
	Gisting	290.397
	Uppihald	460.000
	Fagteimi fyrirlestrar	170.000
	Endurmenntun þjálfara	161.597
	Annað	55.402
		1.686.710
11	<i>Önnur gjöld</i>	
	Bankakostnaður	8.186
		8.186
12	<i>Erlend samskipti</i>	
	WKF	112.824
	EKF	166.112
	SSEKF	26.129
		305.065

EFNAHAGSREIKNINGUR 31/12/2018

EIGNIR	31.12.2018
87000 Inneign hjá ÍSÍ	1.320.754
87200 Skammtímaskuldir	-164.591
87209 Afrekssjóður ÍSÍ	-2.350.000
<i>Skammtímakröfur alls</i>	-1.193.837
88000 <i>Handbært fé</i>	
88210 Tékkareikningur 0515-26-5103	44.233
Sparireikningur 0515-14-	
88220 104863	1.733.243
88230 Mastercard	22.915
<i>Handbært fé alls</i>	1.800.391
89999 Eignir alls	606.554

SKULDIR OG EIGIÐ FÉ	
91000 Eigið fé 31/12/17	3.485.696
Skammtímakröfur	
Hagnaður/tap	-2.879.142
Eigið fé 31/12/18	606.554
92003 Viðskiptaskuldir	
99999 Skuldir og eigið fé alls	606.554

Við kjörnir skoðunarmenn höfum yfirfarið ársreikning Karatesambands Íslands (KAÍ) og ekkert fundið athugavert og leggjum til að hann verði samþykktur.

Reykjavík 1. febrúar 2018

Haukur Jónsson

Þorsteinn Yngvi Guðmundson